

ÁVARP FORMANNS

Ársins 2004 verður seint minnst sem árs glæstra sigra í íslenskri knattspyrnu. Þvert á móti má með sanni segja að það hafi verið ár vonbrigða hvað varðar árangur A-liða karla og kvenna, sem var langt frá því að vera viðunandi. En árið var samt sem áður minnisstætt, viðburðaríkt og merkilegt bæði hvað varðar íslenska og alþjóðlega knattspyrnu.

Á liðnu ári lést Þórir Jónsson, knattspyrnuforystumaður í FH, vinur okkar og félagi, í hörmulegu bílslysi langt um aldur fram. Þeim mæta drengskaparmanni eru hér þökkun hans miklu störf í þágu knattspyrnunnar á Íslandi. Hann skilur sannarlega eftir sig tómarúm sem erfitt er að fylla.

Knattspyrnusamband Íslands er stór og öflug félagsmálhreyfing. Innan okkar vébanda eru hátt í 20.000 virkir félagar, auk allra þeirra þúsunda sem tengjast starfinu á annan hátt. Því er ekki furða að á okkur standi öll spjót þegar á móti blæs. Við tökum því fagnandi að landsmönnum standi ekki á sama um árangur og starfsemi stærstu íþróttagreinar landsins. Því fleiri sem hafa skoðun á árangri og störfum KSÍ, því betra. Forystunni ber að sjálfsögðu að hlusta gaumgæfilega á gagnrýnisráddir og ávallt að leitast við að vera í takt við þjóðarsálina.

En knattspyrnuhreyfingin er í eðli sínu íhaldssöm hreyfing sem ekki tekur skyndiákvæðanir með írafári og látum án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Okkur ber að standa vörð um það sem byggt er á langri reynslu og hefur gert knattspyrnuna að vinsælustu íþrótt á Íslandi og í öllum heiminum. Þess vegna ber okkur ætíð að skoða gaumgæfilega þær tillögur sem horfa til framfara, gefa okkur góðan tíma til að íhuga þær og sjá kosti

þeirra og galla niður í kjölinn áður en endanleg ákvörðun er tekin. Á forystu KSÍ hvílir sú ábyrgð að viðhalda vinsældum og velgengni knattspyrnunnar á Íslandi. Það er skiljanlegt að ungu og kappsömu fólki sem kemur til starfa í hreyfingunni liggi mikið á og telji víða breytinga þörf. Í þessu eins og öðru þarf knattspyrnuhreyfingin að finna jafnvægi, að hlusta á framfararaddirnar en vera á sama tíma íhaldssöm og taka sér góðan tíma áður en ráðist er í breytingar.

Á knattspyrnuhreyfingunni hvílir mikil ábyrgð og sífelld krafa að gera enn betur. Við sækjumst ekki eftir lofi og þökkum, heldur sækjumst við eftir árangri og þeirri fullnægju sem felst í því að láta gott af sér leiða. Hlutverk okkar sem sitjum í stjórn KSÍ og stjórnnum félaganna er að skipuleggja hreyfinguna og veita henni forystu. Knattspyrnuhreyfingin verður að standa saman sem ein órofin heild. Ágreining um leiðir og stefnur eigum við að leysa á lýðræðislegan hátt og takast á um málin á ársþingum.

Þegar niðurstöður liggja fyrir og meirihlutinn hefur sagt sína skoðun á stefnu og starfsemi KSÍ, sem birtist að verulegu leyti í framlagðri fjárhagsáætlun, ber hreyfingunni að standa saman sem ein heild. Á því byggist styrkur okkar. Forystumenn í hreyfingunni verða að hafa félagslegan þroska og nægilega víðsýni til að sjá hagsmuni heildarinnar. Á því hefur styrkur KSÍ byggst hingað til.

Það var að vanda mikið líf og fjör á knattspyrnuvöllum vítt og breitt um landið í sumar. Ánægjuleg er sú staðreynd að knattspyrnan á Íslandi hefur sjaldan verið jafn vinsæl og sjaldan staðið jafn sterk í vitund íslensku þjóðarinnar. Þar á Landsbanki Íslands miklar þakkir skildar. Bankinn hefur verið samstarfsaðili um Landsbankadeildir karla og

kvenna og gert það með miklum sóma. Landsbankinn hefur gert sér grein fyrir því að til að ná árangri í þessu samstarfi þarf að kosta talsverðu til og auka sýnileika í öllum fjölmiðlum. Í þessu samstarfi hefur bæði tekist að stuðla að vinsældum íslenskrar knattspyrnu og auka enn jákvæða ímynd Landsbanka Íslands.

Ekki tókust þau metnaðarfullu áform féлага í Landsbankadeild karla og KSÍ að ná áhorfendum yfir 100.000, en á næstu leiktíð látum við ekkert stoppa okkur í því að ná yfir 100.000 áhorfenda múrinn. Til þess þurfa félögin að vera enn betur vakandi í markaðsstarfi og hafa einbeittan vilja að ná þessu markmiði sameiginlega.

Mikil umræða hefur verið á undanförunum árum um fjölgun liða í Landsbankadeild karla. Fyrstu hugmyndir um þetta eru allt frá árinu 1990. Starfandi voru millipinganefndir árin 1997 og 2002 sem fjölluðu um málið og báðar komust að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að fjölga liðum í efstu deild án þess að lengja leiktímabilið. Hins vegar er talið að fjölgun um tvö lið sé æskilegt markmið til lengri tíma lítið. Þessi mál hafa verið ítarlega rædd í stjórn KSÍ á liðnu starfsári, sem og á fundum formanna Landsbankadeildarfélaga.

Á formannafundi KSÍ í nóvember 2004 var síðan gerð mjög ítarleg grein fyrir afstöðu stjórnar KSÍ í málinu. Forsenda fjölgunar að mati hennar er:

- a) Rekstargrundvöllur liðanna verði ekki verri.
- b) Leikir fari fram á heimavöllum félaganna, vel búnum fyrir áhorfendur og fjölmiðla.
- c) Lengra keppnistímabil.
- d) Sannfæring um að við förum í betra ástand.
- e) Góð samstaða.

Álit og ályktun stjórnar KSÍ er að ekki sé lögð fram tillaga um breytingu á fyrirkomulagi Landsbankadeildar fyrir ársþingið 2004, en markmið verði sett um að bæta aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla á leikvöllum og að gera endurbætur á keppnisvöllum þannig að keppni geti hafist í byrjun maí.

Samfara því að KSÍ þurfti að taka upp leyfiskerfi UEFA í Landsbankadeild karla var ljóst að gera yrði verulegar kröfur á félögin og sveitarfélögin sem þau starfa í varðandi uppbyggingu á aðstöðu fyrir áhorfendur sem setið hefur á hakanum í íslenskri knattspyrnu í áratugi. Um leið var ljóst að það tefðist aðeins að byggja upp velli Landsbankadeildarliðanna þannig að hægt væri að byrja að spila á þeim í byrjun maí, einfaldlega vegna þess að ekki væri hægt að sækja þá fjármuni sem þyrfti í bæði verkefni á sama tíma.

Það einfaldar umfjöllun um þetta mál að stjórn UEFA ákvað á fundi sínum á síðasta ári að heimilt væri að spila á gervigrasi, sem uppfyllir ákveðna gæðastaðla, í undankeppnum EM og HM. Með þeirri samþykkt opnast alveg nýir möguleikar til að lengja keppnistímabilið á Íslandi og það er síðan ákvörðun knattspyrnuhreyfingarinnar hvernig framhaldið verður í þeim málum. En auðvitað munu aftur koma upp spurningar um fleiri atriði, eins og til dæmis um fjárhagslegan grundvöll og knattspyrnuleg gæði stærri deildar þegar skilyrðum fyrir lengra keppnistímabili hefur verið fullnægt.

Það er eðlilegt að farið sé varlega þegar taka á ákvörðun um að breyta umgjörð vinsælustu íþróttagreinar landsins, sem gefist hefur vel, og við höfum séð aðrar hópíþróttagreinar hreinlega eyðileggja rötgróin mót með skyndiákvörðunum um breytingar. Til þess eru vítin að varast þau.

Skemmtilegasta og jákvæðasta átak KSÍ til fjölda ára er án efa sparkvallaátakið þar sem við erum að sjá þessa velli rísa hvern af öðrum um allt Ísland, á yfir 60 stöðum árin 2004 og 2005. Við höfum orðið vör við ótrúlega jákvæð viðbrögð við þessu átaki og ljóst er að þetta er mesta útbreiðsluverkefni KSÍ í áratugi, jafnvel frá upphafi.

Vonandi tekst með stuðningi Alþingis að halda þessu verkefni áfram eftir þetta ár og uppfylla flestar þær óskir sem lágu fyrir þegar umsóknarfrestur rann út.

Áformin um stækkun Laugardalsvallar eru nú loksins í höfn með aðkomu Ríkis og Reykjavíkurborgar. Framkvæmdir hefjast mjög fljótlega og verður áhersla lögð á að reyna að ljúka stækkun stúkunnar fyrir landsleikina í haust og verða þá sæti fyrir rúmlega 10 þúsund manns. Heildarframkvæmdum ætti að geta verið lokið eftir um það bil eitt ár.

Fyrir ársþingi 2004 liggja tillögur um VISA-bikar KSÍ. Við þurfum virkilega að lyfta grettistaki hvað þessa keppni varðar og hefja hana til fyrri vegs og virðingar, meðal annars með því að fá samstarfsaðilann, VISA, til að vera miklu meira áberandi í að auglýsa keppnina upp. Ég vil biðja forystumenn félaganna að hugsa um breytingar á VISA-bikar með hagsmuni keppinnar í huga, að auka vinsældir hennar á ný en ekki út frá eiginhagsmunum hvers félags fyrir sig.

Ég boðaði á ársþingi í fyrra að stefnt væri að því taka upp nýjan hátt á að velja knattspyrnumann og knattspyrnukonu ársins. Sett var á fót svokallað leikmannaval, skipað um 150 sérvöldum einstaklingum sem tengjast knattspyrnunni á ýmsan hátt. Þessum einstaklingum voru síðan sendir atkvæðaseðlar og beiðni um að velja þrjá bestu leikmenn karla og kvenna. Úrslitin

voru kynnt á hátíðlegan hátt á Hótel Nordica undir lok síðasta árs. Það voru þau Eiður Smári Guðjohnsen og Margrét Lára Viðarsdóttir sem voru valin þau bestu.

Eiður Smári var síðan valinn íþróttamaður ársins 2004, mjög verðskulduð viðurkenning fyrir þennan frábæra knattspyrnumann og um leið fyrir knattspyrnuhreyfinguna alla.

Í upphafi þessa ávarps sagði ég að ársins 2004 yrði seint minnst sem árs glæstra sigra landsliða Íslands í knattspyrnu. Það er skemmst frá því að segja að árangur beggja A-landsliða Íslands olli miklum vonbrigðum og einkum var A-landslið karla langt frá því að standa undir væntingum.

Til að íslensk landslið nái árangri þarf varnarleikurinn og markvarslan að vera í lagi. Það er sá grunnur sem leikur liðsins þarf að byggja á. Þessi atriði voru ekki í lagi á síðustu leiktið og því þarf að breyta. Þetta er það erfiða verkefni sem bíður landsliðsþjálfaranna á þessari leiktið og ljóst að þeirra störf verða metin eftir því hvernig það tekst. Þeir voru ráðnir til að stýra A-landsliðinu í þeirri HM undankeppni sem lýkur nú í haust. Eftir að þeirri keppni lýkur verða þeirra störf metin og báðir aðilar gera upp við sig hvort áhugi er á að gera nýja samninga.

Hvað varðar A-landslið kvenna er ljóst að í þýðingarmestu leikjum ársins stóð liðið ekki undir væntingum. Það hefði verið ótrúlegt ævintýri og mikil lyftistöng fyrir íslenska knattspyrnu ef A-landslið kvenna hefði komist í úrslitakeppni EM í Englandi í sumar. Þjálfari liðsins var ráðinn til loka þeirrar undankeppni sem lauk í haust. Það var síðan sameiginleg niðurstaða landsliðsnefndar kvenna og stjórnar KSÍ að gera ekki nýjan samning við

Helenu Ólafsdóttur sem þjálfara liðsins.

Það er mikill munur á því að reka þjálfara sem er samningsbundinn og endurráða ekki þjálfara sem er með útrunninn samning. Þetta vona ég að minnsta kosti að fólk geri sér fullkomlega grein fyrir. Látum vera að aðrir beri saman epli og appelsínu og komist að raun um að það sé sami ávöxturinn.

En það er ljóst að það er erfitt að starfa lengi í umhverfi þar sem árangurinn á leikvelli er undir væntingum. En þetta er jú lífið í fótboltanum, sem við þekkjum öll. Áfram störfum við af fullum krafti og trúum því að dæmið snúist við í næsta leik. Þetta er jú eitt af því sem gerir okkar starf svo heillandi.

Ég óska öllum til hamingju sem unnu góða sigra á liðnu keppnis-tímabili. FH í fyrsta skipti Íslandsmeistari í Landsbankadeild karla. Það er sérlega ánægjulegt að fá nýtt lið í hóp Íslandsmeistara og nokkuð langur tími síðan það gerðist síðast. Valur varð Íslandsmeistari í Landsbankadeild kvenna eftir nokkurt hlé. VISA-bikarmeistari karla var Keflavík og VISA-bikarmeistari kvenna var ÍBV, í fyrsta sinn. Öllum sem urðu Íslandsmeistarar eða unnu sig upp um deild óska ég til hamingju.

Rekstur KSÍ hefur gengið vel undanfarin ár og fjárhagsstaða sambandsins hefur styrkst. Reksturinn verður sífellt umfangsmeiri eins og sjá má á reikningum sambandsins.

Sífelld meira máli skiptir fyrir fjárhag KSÍ að vel sé staðið að ávöxtun fjármuna. Þar skiptir mestu máli fyrirframgreiðsla vegna sjónvarps-samninga sem eru tekjur framtíðarinnar, en fjármagnstekjur af þeim hafa skapað stóran hluta af hagnaði KSÍ undanfarin ár. Því skiptir verulegu máli að vel sé haldið á þeim málum og eru þau í

sífelldri skoðun hjá þeim sem annast fjármálastjórn KSÍ.

Ég tel að rekstur sambandsins sé í mjög góðu horfi og þar fari saman að reynt er að skapa sem mestar tekjur um leið og reynt er að fara ávallt hagstæðustu leiðir í útgjöldum. Það sama á við um rekstur KSÍ og árangur landsliðanna, hann byggist á sterkri vörn, sem skapar sóknarfæri. Ef staðið er á bremsunni varðandi útgjöld verður reksturinn í lagi. Ef gefið er eftir á því sviði er stutt í mínusinn.

Ég þakka öllum stjórnarmönnum KSÍ fyrir góð störf á árinu. Einnig öllum nefndarmönnum í hinum fjölmörgu nefndum sambandsins. Einnig þakka ég starfsfólki KSÍ þeirra þýðingarmiklu störf í þágu hreyfingarinnar.

Síðast en ekki síst vil ég þakka forystumönnum aðildarfélaganna þeirra miklu og óeigingjörnu störf í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar á liðnu starfsári. Án dugnaðar þeirra og ósérhlífni væri knattspyrnan ekki í þessu ótvíræða forystuhlutverki í íþróttum hér á landi.

Eggert Magnússon,
formaður KSÍ



VERKEFNUM FJÖLGAR ENN

Starf KSÍ á árinu var að vanda viðamiknið og vex fjöldi og umfang verkefnanna stöðugt. Eitt af stóru verkefnum ársins var sparkvalla-átakið, sem er án vafa eitt stærsta útbreiðsluverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi, ef ekki það allra stærsta. Viðtökurnar voru hreint út sagt ótrúlegar. Eftirspurn eftir sparkvöllum var mun meiri en framboð og ljóst að vellirnir munu verða mikil lyftistöng fyrir almenna knattspyrnuíðkun barna utan skipu- lagðra æfinga á komandi árum.

Þjálfaranámskeiðum fjölga með hverju árinu sem líður vegna gríðarlegrar eftirspurnar. Áhersla á menntun þjálfara hefur verið aukin verulega síðustu ár og greinilegt að mikil vakning hefur orðið, bæði á meðal knattspyrnufélaganna og þjálfaranna sjálfra. Leyfiskerfi KSÍ hefur einnig sett mikla pressu á félögin í Landsbankadeild karla að vera með menntaða þjálfara. Betur menntaðir þjálfarar munu vafalaust skila okkur betra knattspyrnufólki áður en langt um líður.

Ársskýrsla KSÍ fyrir starfsárið 2004 er gefin út með sama sniði og undanfarin þrjú ár. Í þessari skýrslu er stiklað á stóru um mótin 2004, dómaramál, landsliðsmál, Evrópu- leiki félagsliða, mannvirkjamál, fræðslumál, fjármál og margt fleira. Aftast í skýrslunni er að finna árs- reikning sambandsins.

Eins og áður fylgir þessu riti ítarleg fylgiskýrsla sem inniheldur m.a. skýrslur nefnda sambandsins. Úrslit leikja í mótum á vegum KSÍ er ekki að finna í fylgiskýrslunni, heldur verður áfram haldið samkomulagi við bókaútgáfuna Tind um að birta úrslit allra leikja í öllum mótum í bókinni "Íslensk knattspyrna" eftir Víði Sigurðsson. KSÍ hefur sent aðildarfélögum sínum eintak af bókinni.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

58. ársþing KSÍ var haldið á Hótel Selfossi 7. febrúar 2004 og fór fram á einum degi í annað sinn. Engar breytingar urðu á stjórn KSÍ og var hún þannig skipuð að loknu árs- þingi:

Eggert Magnússon, formaður
Halldór B. Jónsson, varaformaður
Eggert Steingrímsson, gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson, ritari
Ágúst Ingi Jónsson
Ástráður Gunnarsson
Björn Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Lúðvík S. Georgsson

Varamenn voru Jóhannes Ólafsson, Kjartan Daníelsson og Þórarinn Gunnarsson. Fulltrúar landshluta í stjórn voru Jakob Skúlason (Vest- urland), Ómar Bragi Stefánsson (Norðurland), Guðmundur Ingva- son (Austurland) og Einar Frið- þjófsson (Suðurland).

Stjórn KSÍ hélt 14 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

Starfsmenn skrifstofu KSÍ voru:
Geir Þorsteinsson, framkvæmdastj.
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Eyjólfur Sverrisson, útbreiðslumál
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Halldór Örn Þorsteinsson, mótamál
Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
Margrét Elíasdóttir, ritari
Ómar Smáráson, leyfisstjóri
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustj.

Þá var Jóhann Kristinsson valla- stjóri Laugardalsvallar.

ÞJÓNUSTAN ENN AUKIN

Samfara stöðugri fjölgun iðkenda og áhugafólks um knattspyrnu aukast kröfurnar á KSÍ og skrif- stofu sambandsins um að veita meiri og betri þjónustu. Til að geta

boðið upp á sem besta þjónustu þarf skrifstofa KSÍ að hafa á að skipa hæfu starfsfólki og góðri aðstöðu. Aðstaðan er í dag ekki eins og best verður á kosið, enda hefur umfang starfseminnar aukist með hverju árinu sem líður. Fljótlega munu framkvæmdir við stækkun Laugardalsvallar hefjast og um leið framkvæmdir við nýja skrifstofuaðstöðu KSÍ.

AFMÆLISÁR UEFA OG FIFA

UEFA og FIFA áttu bæði afmæli á árinu. UEFA fagnaði 50 ára afmæli sínu, en FIFA fagnaði því að 100 ár eru liðin frá stofnun sambandsins. Bæði sambönd stóðu fyrir ýmis konar hátíðlegum uppákomum í tengslum við afmæli sín og KSÍ tók þátt í sumum þeirra. Bæði sam- bönd gáfu af þessu tilefni út veg- legar bækur um sögu sína og heiðruðu einstaklinga í aðildar- löndum sínum fyrir ómetanlegt hugsjónastarf í þágu knattspyrnu.

NÝR VEFUR KSÍ

Vefur KSÍ hefur, frá því hann var opnaður í maí 2000, gegnt veiga- miklu hlutverki í upplýsingaflæði til aðildarfélaga, fjölmiðla og annarra. Magn upplýsinga á vefnum er gríðarlegt. Vefurinn í núverandi mynd er í raun sprunginn og er orðið tímabært að endurnýja hann þar sem hann er kominn vel til ára sinna. Nýr og glæsilegur vefur KSÍ mun verða opnaður fyrir næsta keppnistímabil.

MEISTARAR Í FYRSTA SINN

Tvö lið hömпуðu sínum fyrstu titlum síðastliðið sumar. FH-ingar tryggðu sér fyrsta Íslandsmeistara- titilinn í sögu félagsins í meistara- flokki karla með sigri á KA í loka- umferð Landsbankadeildar karla. FH var vel að sigrinum komið,

enda lék liðið skemmtilegan sóknarleik sem heillaði áhorfendur, jafnt unga sem aldna. Kvennalið ÍBV lagði Íslandsmeistara Vals í úrslitaleik VISA-bikarsins og hampaði þar með bikarmeistaratitlinum í fyrsta sinn í meistaraflokki kvenna. Þessi sömu lið áttust einmitt við í bikarúrslitaleiknum árið á undan, en þá hafði Valur betur.

Aðsókn að leikjum Landsbankadeildar karla 2004 var nánast nákvæmlega sú sama og árið á undan, en þó var hún sú næst besta frá upphafi og greinilegt er að áhugi landsmanna á knattspyrnu er gríðarlegur. Þennan áhuga þarf að efla með markvissu markaðsstarfi félaganna og KSÍ, í samstarfi við fjölmiðla og samstarfsaðila. Þrátt fyrir góða aðsókn er ýmislegt sem má bæta, sérstaklega hvað varðar aðstöðu, því með betri aðstöðu fyrir áhorfendur fáum við fleira fólk á völinn og með bættri fjölmiðlaaðstöðu gerum við fulltrúum fjölmiðla auðveldara að vinna starf sitt, sem mun auka umfjöllun um leikina.

Sú breyting var gerð á leikjaniðurröðun í VISA-bikar karla að leika bæði undanúrslit og úrslit að loknu Íslandsmóti. Þessi breyting þótti ekki gefast vel og var ákveðið að hverfa aftur til fyrra horfs fyrir næsta keppnistímabil. Framkvæmd móta tókst í meginatriðum vel og frammistaða dómara var góð.

ÁHORFENDAMET

Þó að frammistaða A-landsliðs karla á árinu hafi ekki verið eins og vonast hafði verið eftir stendur einn leikur upp úr og mun að öllum líkindum gera það um ókomin ár. Ítalir voru lagðir að velli á glæsilegan hátt með tveimur mörkum gegn engu á Laugardalsvöllinum í vináttulandsleik í ágúst. Leikurinn sjálfur var auðvitað stórmerkilegur

út af fyrir sig, enda ekki á hverjum degi sem Ísland etur kappi við margfalda heimsmeistara á borð við Ítali, og sigrar. En það sem var enn merkilegra er aðsóknarmetið sem sett var þennan dag, 20.204 áhorfendur tróðu sér í stúkurnar og stæðin á Laugardalsvöllinum og settu met sem mun seint eða aldrei verða slegið.

LEIKIR Í UMSPILI Í KNATTSPYRNUHÖLLUM

A landslið kvenna lék gegn Norðmönnum í umspili um laust sæti í lokakeppni EM, sem fram fer í Englandi 2005. Stórt tap í fyrri leiknum voru mikil vonbrigði, enda gerðu þau út um vonir íslenska liðsins á því að komast áfram. Athyglisvert var þó við þessa tvo leiki liðanna að þeir fóru báðir fram í knattspyrnuhöllum, þ.e. innandyra, á gervigrasi. Fyrri leikurinn fór fram í Egilshöll í Reykjavík og sá seinni í Valhöll í Osló.

GERVIGRAS OG STÚKA HJÁ STJÖRNUNNI Í GARÐABÆ

Stjarnan vígði á árinu nýjan og glæsilegan heimavöll. Hinn nýi Stjörnuvöllur er lagður með gervigrasi af þriðju kynslóð og er Stjarnan fyrsta félagið hér á landi sem leggur gervigras á aðalleikvang sinn. Völlurinn er flóðlýstur og við hann er glæný stúka sem mun taka um 1.000 manns í sæti.

GERVIGRASVÖLLUM FJÖLGAR

Á árinu fjölgaði gervigrasvöllum í Reykjavík verulega og hlýtur það að gjörbylta aðstöðu félaganna til æfinga yfir vetrar- og vormánuðina. Vellir voru byggðir hjá KR, Fylki og Fram og fleiri vellir munu rísa á næstu árum.

OPNA NORÐURLANDAMÓT U21 KVENNA Á ÍSLANDI

Opna Norðurlandamótið fyrir U21 landslið kvenna fór fram hér á landi í júlí, en leikið var víðs vegar á Norðurlandi. Framkvæmd mótsins var til fyrirmyndar og þótti mótið takast vel í alla staði. Allar aðstæður voru eins og best verður á kosið og aðstaða keppenda jafnt sem forsvarsmanna var góð. Umfang mótsins var mikið og að mörgu þurfti að hyggja. Starf sjálfbodaliða við mót sem þetta er gríðarlega mikilvægt og á allt það góða fólk sem kom að mótinu á einn eða annan hátt miklar þakkir skildar fyrir sitt framlag.

MIKILL HAGNAÐUR

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2004 voru 457,6 milljónir kr. og heildargjöld voru 411,7 milljónir kr. Hagnaður varð því 45,9 milljónir kr., en þá hefur verið tekið tillit til 21,6 m.kr. framlags til aðildarfélaga. Eigið fé KSÍ í árslok 2004 er rúmlega 181 milljón króna.

Hagnaður sambandsins er mikill í ár og skapast að verulegu leyti af tekjum vegna vináttuleiks við Ítalíu hér heima í ágúst og þátttöku í móti á Englandi í júní þar sem leikið var við Japan og England.

•••••

MÓTIN 2004

ÍSLANDSMÓT INNAHÚSS

Íslandsmót meistaraflokka karla og kvenna í innanhússknattspyrnu fóru fram í lok nóvember. Valsarar urðu tvöfaldir Íslandsmeistarar, unnu bæði í karla- og kvennaflokki. Í karlaflokki hafði Valur betur gegn KR í framlengdum úrslitaleik og hampaði fyrsta innanhússtílinum í meistaraflokki síðan 1980. Í kvennaflokki unnu Valsstúlkur mótið annað árið í röð og í 7. sinn frá upphafi eftir úrslitaleik við Stjörnuna.

DEILDARBIKARINN

Skipulag Deildarbikars karla var hið sama og síðustu ár, skipt í efri og neðri deild. Í efri deild léku 16 lið í tveimur riðlum eins og áður, en 24 lið í fjórum riðlum í neðri deild eins og árið á undan. Að venju var leikið að mestu í knattspyrnuhúsum (Boginn, Egilshöll, Fífan og Reykjaneshöll), en leikið var að hluta til utandyra þegar fór að vora. Knattspyrnuhúsin hafa gerbreytt aðstöðu til knattspyrnu- iðkunar og mótahalds yfir vetrarmánuðina og ber sérstaklega að nefna Egilshöllina sem hefur ekki aðeins frábæra aðstöðu fyrir iðkendurnar sjálfa, heldur einnig glæsilega aðstöðu fyrir áhorfendur.

FH-ingar tryggðu sér sigur í efri deild Deildarbikars karla í annað sinn á þremur árum með því að leggja KR-inga í úrslitaleiknum.

Breiðablik hafði betur gegn Fjölni eftir vítaspyrnukeppni í úrslitaleik neðri deildar karla, en Blikar léku einmitt til úrslita í neðri deild árið á undan.

Deildarbikar kvenna var skipt í tvær deildir eftir styrkleika eins og gert er í karlaflokki, en þetta fyrir-

komulag var fyrst reynt í kvennaflokki 2003 og reyndist það vel. Sex lið léku í einum riðli í efri deild og sami háttur var hafður á í neðri deild.

ÍBV tryggði sér Deildarbikar-meistaratitilinn í fyrsta sinn með sigri á Val í úrslitaleik. Valur lék þarna til úrslita í 6. sinn á þeim átta árum sem keppnin hefur farið fram. ÍBV lék hins vegar til úrslita í 1. sinn. Sameiginlegt lið Þórs/KA/KS sigraði í neðri deild eftir harða baráttu við Fjölni.

HÉRAÐSMÓT

KR-ingar urðu Reykjavíkurmeistarar í karlaflokki eftir 4-3 sigur á Fylki í æsispennandi úrslitaleik í Egilshöll. Fylkir tapaði þar með öðrum úrslitaleik Reykjavíkurmóts í röð. Valur varð Reykjavíkurmeistari með yfirburðum í kvennaflokki.

KA hafnaði í efsta sæti Norðurlandsmóts Powerade og sigraði þar með í mótinu, sem nú fór fram í 2. sinn. Allir leikir mótsins fóru fram í Boganum á Akureyri, sem hefur gjörbylt aðstöðu til knattspyrnu- iðkunar á Norðurlandi yfir vetrarmánuðina.

MEISTARAKEPPNI KSÍ

Meistarakeppni KSÍ, viðureign Íslandsmeistara og bikarmeistara, var endurvakin árið 2003 og fór hún þá fram í fyrsta skipti síðan 1998.

Í meistarakeppni karla unnu bikarmeistarar ÍA öruggan 3-0 sigur á Íslandsmeisturum KR-inga í Egilshöll í Reykjavík. Í meistarakeppni kvenna áttust við Íslandsmeistarar KR og bikarmeistarar Vals. Bikarmeistararnir lögðu Íslandsmeistarana 2-1 í opnum og fjörugum leik.

KR SPÁÐ TOPPSÆTINU EINS OG SVO OFT ÁÐUR

Á hinum árlega kynningarfundum Landsbankadeildar karla spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Íslandsmeisturum KR var spáð sigri í mótinu, eins og svo oft áður, en Skagamenn voru ekki langt undan. Víkingi og Grindavík var spáð falli, en samkvæmt spánni yrðu ÍBV og Fram einnig nálægt fallsæti. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Félag	Stig
1. KR	267
2. ÍA	260
3. FH	241
4. Fylkir	233
5. KA	145
6. Keflavík	139
7. Fram	103
8. ÍBV	102
9. Grindavík	96
10. Víkingur R.	64

FH-INGAR MEISTARAR Í FYRSTA SINN

Landsbankadeildin var spennandi allt fram í lokaumferðina, eins og vaninn hefur verið undanfarin ár. Þessi spenna, jafnt á toppi sem botni, er ómetanleg fyrir deildina og tryggir áhuga almennings og fjölmiðla allt til loka. FH-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta sinn í sögu félagsins með sigri á KA á Akureyrarvelli í lokaumferðinni. Hefði FH tapað og ÍBV unnið ÍA á Skaganum á sama tíma hefðu Eyjamenn hampað titlinum.

Framan af móti var ómögulegt að segja til um hvaða lið myndu berjast á toppi og botni. FH, ÍBV, ÍA og Fylkir gerðu sig líkleg til að blanda sér í toppbaráttuna, á meðan Íslandsmeistarar KR hikstuðu í upphafi móts.

Það var ekki fyrr en á síðasta þriðjungi mótsins sem línur tóku að skýrast. Virtist baráttan ætla að vera á milli FH og ÍBV, en sigur FH-inga á Hásteinsvelli í 14. umferð setti Hafnfirðinga í góða stöðu og kláruðu þeir mótið með glæsibrag.

Skagamenn fóru á mikið flug í seinni hluta mótsins, voru taplausir í síðustu 6 umferðunum og gerðu harða hrið að Eyjamönnum í 2. sætinu. Fylkismenn misstu aðeins flugið um miðbik mótsins og misstu þar með ÍA upp fyrir sig.

Baráttan við fallið var æsi-spennandi, líkt og undanfarin ár. Ef KA-mönnum hefði tekist að leggja FH í lokaumferðinni hefðu þeir bjargað sér frá falli og um leið sent Framara, sem töpuðu 1-5 í lokaumferðinni, á heimavelli gegn Keflvíkingum, niður í 1. deild. Víkingar hefðu einnig getað haldið sér uppi með sigri í lokaleik sínum, í Grindavík, en jöfnunarmark heimamanna á lokamínútu leiksins gerði út um þær vonir.

Það voru því KA-menn og nýliðar Víkings sem þurftu að sætta sig við það erfiða hlutskipti að falla niður í 1. deild.

Landsbankadeild karla – Lokastaða

Félag	Mörk	Stig
1 FH	33:16	37
2 ÍBV	35:20	31
3 ÍA	28:19	31
4 Fylkir	26:20	29
5 Keflavík	31:33	24
6 KR	21:22	22
7 Grindavík	24:31	22
8 Fram	19:28	17
9 Víkingur R.	19:30	16
10 KA	13:30	15

FRÁBÆR SÓKNARLEIKUR

Íslandsmeistarar FH í Landsbankadeild karla voru vel að titlinum komnir. Liðið lék stórskemmtilega sóknarknattspyrnu og var með

marga flinka og fljóta leikmenn innanborðs. Áhorfendur flykktust á völlinn til að sjá liðið leika, hvort sem var í Kaplakrikanum eða annars staðar.

NÆST BESTA AÐSÓKN AÐ LEIKJUM FRÁ UPPHAFI

1.026 áhorfendur mættu að meðaltali á leiki Landsbankadeildar karla 2004, sem er einum fleira að meðaltali en árið á undan og þar með næst besta aðsókn að leikjum deildarinnar frá upphafi. Metið var sett árið 2001 þegar 1.076 fóru að meðaltali á völlinn. Áhorfendur í ár voru því alls 92.376. Líkt og undanfarin ár voru áhorfendur flestir á KR-velli, 1.591 að meðaltali sem er þó talsverð fækkun frá árinu á undan. Aðsókn að Kaplakrika var eilítið minni en á KR-velli, eða 1.574 að meðaltali. Fæstir voru að að jafnaði á Hásteinsvelli (537). Sá leikur sem dró flesta að var viðureign FH og Fram í Kaplakrika í 17. umferð, eða 3.225 manns. Fæstir mættu á leik ÍBV og ÍA á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum í 9. umferð, eða 250. Töflu með nánari útlistun á áhorfendafjölda í deildinni má sjá í fylgiskýrslu.

ÁTAK TIL AÐ FJÖLGA ÁHORFENDUM Á LEIKJUM

Í kjölfar ferðar formanna félaga í Landsbankadeild karla til Svíþjóðar í október 2003, þar sem skoðað var hvernig sænska knattspyrnusambandið og félögin í efstu deild í Svíþjóð hefðu staðið að átaki til að auka aðsókn að leikjum, var skipaður vinnuhópur til að vinna að kynningarmálum fyrir keppnistímabilið 2004. IMG Gallup var fengið til að gera markaðsrannsókn til að fá upplýsingar um áhorfendur og hvaða þættir það væru sem skiptu máli varðandi aðsókn að knattspyrnuleikjum.

Sett var upp áætlun um aðgerðir til að reyna að auka umfjöllun í fjölmiðlum um leiki deildarinnar fyrir hverja umferð, reynt var að laða áhorfendur á leiki með markvissum hætti, og ákveðið skipulag var sett upp til að krydda upplifun áhorfenda á leikjum, bæði á samræmdan hátt og staðbundinn. Markmiðið var að rjúfa 100.000 áhorfenda múrinn, ná 1.100 áhorfendum á leik að meðaltali og slá þar með aðsóknarmet deildarinnar frá 2001.

Aðsóknin 2004 var mjög góð, sú næstbesta frá upphafi, en þó vantaði nokkuð upp á að markmiðið næðist, þ.e. 100.000 áhorfendur á leiki deildarinnar í heild. Félögin eru þó ekki af baki dottin og munu gera aðra atlögu að múrnum á komandi keppnistímabili.

KEFLVÍKINGAR BIKARMEISTARAR

Sú breyting var gerð á VISA-bikar karla í ár að undanúrslitaleikirnir fóru fram að lokinni keppni í Landsbankadeild, en leikið var á Laugardalsvelli, líkt og síðustu ár.

Í fyrri undanúrslitaleiknum lagði KA nýbakaða Íslandsmeistara FH með einu marki gegn engu, en KA-menn voru þá sem kunnugt er nýfallnir í 1. deild, einmitt eftir leik gegn FH-ingum á Akureyrarvelli í lokaumferð Landsbankadeildar. Keflvíkingar lögðu 1. deildarlið HK með sömu markatölu í hinum undanúrslitaleiknum.

Þrátt fyrir dræma aðsókn var úrslitaleikurinn nokkuð fjörugur. Keflvíkingar byrjuðu betur og leiddu í leikhléi með tveimur mörkum frá Þórarni Kristjánssyni. Þriðji bikarmeistaratitill félagsins var svo gulltryggður með marki Harðar Sveinssonar undir lok leiksins.

ÍBV SPÁÐ TITLINUM

Á kynningarfundum Landsbankadeildar kvenna spáðu fulltrúar félaganna að venju um lokastöðu liðanna í deildinni. Eyjastúlkum var spáð efsta sætinu, Val öðru sætinu og KR því þriðja. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Félag	Stig
1. ÍBV	174
2. Valur	167
3. KR	143
4. Breiðablik	128
5. Stjarnan	84
6. FH	72
7. Þór/KA/KS	52
8. Fjölnir	44

YFIRBURÐIR VALSSTÚLKNA

Valsstúlkur höfðu, þegar upp var staðið, nokkra yfirburði yfir önnur lið í deildinni. Þær fóru taplausar í gegnum mótið, gerðu aðeins eitt jafntefli, við KR í 9. umferð, og unnu hina leikina þrettán. Þetta var aðeins í annað skiptið á síðustu 16 árum sem annað lið en KR eða Breiðablik hampar Íslandsmeistaratitlinum í meistaraflokki kvenna, en Valur varð einmitt meistari árið 1989.

Strax í byrjun móts var ljóst að þrjú lið báru höfuð og herðar yfir önnur lið í Landsbankadeild kvenna: Valur, ÍBV og KR. Barátta þessara þriggja liða var spennandi lengst af og sérstaklega vöktu innbyrðis viðureignir þeirra mikla athygli, enda um hörkuleiki að ræða. Valsstúlkur tóku þó frumkvæðið fljótlega og létu forystuna aldrei afhendi þó svo að lið ÍBV og KR hafi aldrei verið langt undan. Liðið var heilsteypt, lék skemmtilega knattspyrnu og var vel að titlinum komið.

Athyglisvert er að skoða spá fulltrúa félaganna um lokastöðu í

deildinni fyrir tímabilið og bera hana saman við raunverulega lokastöðu. Þar sést að fulltrúar félaganna höfðu að mestu leyti rétt fyrir sér um lokastöðuna, nema hvað varðar stöðu Vals og ÍBV.

Landsbankadeild kv. - Lokastaða

Félag	Mörk	Stig
1 Valur	56 : 7	40
2 ÍBV	69 : 12	32
3 KR	49 : 20	30
4 Breiðablik	25 : 35	15
5 Stjarnan	18 : 40	14
6 FH	14 : 53	14
7 Þór/KA/KS	14 : 48	8
8 Fjölnir	7 : 37	5

FYRSTI BIKARMEISTARATITILL ÍBV

Liðin sem léku til úrslita í VISA-bikar kvenna 2003 mættust aftur í úrslitaleiknum 2004. Valur hafði orðið bikarmeistari kvenna oftar en nokkuð annað lið, en ÍBV hafði aldrei hampað bikarnum. Bryndís Jóhannesdóttir kom Eyjastúlkum yfir seint í leiknum og Mhairi Gilmour, sem hafði komið inn á sem varamaður fyrir Bryndísi, tryggði fyrsta bikarmeistaratitil kvenna í sögu félagsins með marki á lokamínútu leiksins. ÍBV var sterkari aðilinn í leiknum lengst af og var sigur þeirra fyllilega verðskuldaður.

17 MILLJÓNIR KRÓNA Í VERÐLAUNAFÉ

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 17 milljónir króna í verðlaunafé fyrir árangur í Landsbankadeild og VISA-bikar. Auk þess fengu félögin í Landsbankadeild karla sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi.

VERÐLAUNAFÉ JAFNAÐ

KSÍ ákvað á árinu fyrir tilstuðlan Landsbanka Íslands að jafna verð-

launafé í Landsbankadeildum karla og kvenna. Um verulega hækkun er að ræða á verðlaunafé til félaga í Landsbankadeild kvenna og með þessari ákvörðun vildu KSÍ og Landsbankinn undirstrika mikilvægi þess að byggja upp kvenna-knattspyrnu í landinu. Þá er ákvörðunin viðurkenning til allra íslenskra knattspyrnukvenna, sem eru í hópi bestu knattspyrnukvenna í heiminum og jafnframt hvatning til enn frekari afreka. Landsbankinn fagnaði eindregið ákvörðun KSÍ, enda var hún í samræmi við þá stefnu bankans að stuðla að auknu jafnræði karla og kvenna á öllum sviðum samfélagsins.

Landsbankadeild karla

Sæti Félag	Upphæð
1 FH	1.000.000
2 ÍBV	700.000
3 ÍA	500.000
4 Fylkir	300.000
5 Keflavík	300.000
6 KR	300.000
7 Grindavík	300.000
8 Fram	300.000
9 Víkingur R.	200.000
10 KA	200.000

VISA-bikar karla

Sæti Félag	Upphæð
1 Keflavík	1.500.000
2 KA	1.000.000
3-4 FH	800.000
3-4 HK	800.000
5-8 ÍBV	500.000
5-8 Fylkir	500.000
5-8 KR	500.000
5-8 Valur	500.000
9-16 Þróttur R.	300.000
9-16 Grindavík	300.000
9-16 Njarðvík	300.000
9-16 Reynir S.	300.000
9-16 Afturelding	300.000
9-16 Stjarnan	300.000
9-16 Víkingur R.	300.000
9-16 Fram	300.000

Landsbankadeild kvenna

Sæti Félag	Upphæð
1 Valur	1.000.000
2 ÍBV	700.000
3 KR	500.000
4 Breiðablik	300.000
5 Stjarnan	300.000
6 FH	300.000
7 Þór/KA/KS	300.000
8 Fjölnir	200.000

VISA-bikar kvenna

Sæti Félag	Upphæð
1 ÍBV	300.000
2 Valur	150.000
3-4 KR	100.000
3-4 Stjarnan	100.000

BEINAR ÚTSENDINGAR

Sjónvarpsstöðin Sýn sýndi beint frá leikjum Landsbankadeildar karla. Fjöldi útsendinga var svipaður og síðustu ár.

Beinar útsendingar frá Landsbankadeild karla	
Ár	Fjöldi
2004	19
2003	18
2002	19
2001	23
2000	21

Úrslitaleikir VISA-bikars karla og kvenna voru sýndir beint á RÚV, en Ríkissjónvarpið sýndi undanúrslitaleiki karla einnig beint. Alls var því sýnt beint frá 4 leikjum í VISA-bikar karla og kvenna 2004 líkt og síðustu tvö ár þar á undan, samanborið við 6 leiki 2001 og 7 leiki 2000. Samanlagt voru því 23 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu, jafn margir og árin 2003 og 2002.

KOSNINGAR FJÖLMIDLA

Landsbankinn og KSÍ stóðu að venju fyrir kosningu fjölmiðla á leikmönnum, þjálfurum, dómurum og liðum ákveðinna tímabila í Landsbankadeildum karla og

kvenna. Í Landsbankadeild karla var kosningunum skipt upp í þrjú tímabil, umferðir 1-6, 7-12 og 13-18, en í Landsbankadeild kvenna voru tímabilin tvö, umferðir 1-7 og 8-14. Landsbankinn veitti síðan þeim aðilum sem voru tilnefndir veglegar viðurkenningar. Þessar upptakomur vöktu jafnan mikla athygli og var vel um þær fjallað í fjölmiðlum.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna.

Heimir Guðjónsson, fyrirliði Íslandsmeistara FH, var kjörinn leikmaður ársins í Landsbankadeild karla 2004, en úrslit voru kunngerð á lokahófi KSÍ. Efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar karla var einnig FH-ingur, Emil Hallfredsson. Þeir félagar voru lykilmenn í liði FH á síðasta keppnistímabili sem hampaði Íslandsmeistaratitlinum í fyrsta sinn, Heimir sem útsjónarsamur leikstjórnandi og leiðtogi í miðvallarspili liðsins, og Emil sem kraftmikill, fljótur og flinkur vinstri útherji sem heillaði áhorfendur með leikni sinni.

Valsarinn Laufey Ólafsdóttir var kjörin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna á síðasta keppnistímabili og Margrét Lára Viðarsdóttir úr ÍBV var kosin sú efnilegasta annað árið í röð. Laufey lék frábærlega á miðjunni með liði Vals, sem hampaði Íslandsmeistaratitlinum á glæsilegan hátt. Margrét Lára fór á kostum í framlínu Eyjalíðsins og festi sig í sessi sem einn af skæðustu sóknarmönnum landsins.

ÞJÁLFARAR ÁRSINS

Fjölmiðlar kusu Ólaf Jóhannesson þjálfara ársins í Landsbankadeild karla annað árið í röð og Elísabetu Gunnarsdóttur þjálfara ársins í Landsbankadeild kvenna. Ólafur náði frábærum árangri með lið sitt, sem lék skemmtilega sóknarknattspyrnu og hampaði Íslandsmeistaratitlinum í fyrsta sinn í sögu félagsins. Undir stjórn Elísabetar hampaði kvennalið Vals Íslandsmeistaratitlinum í fyrsta sinn síðan árið 1989.

ÍBV-LEIKMENN MARKAHÆSTIR

ÍBV var með marksæknustu liðin í Landsbankadeildum karla og kvenna, skoruðu flest mörk allra liða í deildunum tveimur, og því var vel við hæfi að markahæstu leikmennirnir kæmu úr þeirra röðum.

Gunnar Heiðar Þorvaldsson og Margrét Lára Viðarsdóttir leiddu sóknarleik ÍBV í karla- og kvennaflokki og voru markahæstu leikmennirnir í Landsbankadeildunum tveimur. Fengu þau að launum afhenta gullskó Adidas á lokahófi knattspyrnumanna á Broadway.

Gunnar Heiðar, sem var einnig á meðal markahæstu leikmanna árið 2003, skoraði 12 mörk í ár. Grindvíkingurinn Grétar Ólafur Hjartarson var næst markahæstur í Landsbankadeild karla með 11 mörk og hlaut því silfurskóinn, en fast á hæla hans með 10 mörk kom Þórarinn Brynjar Kristjánsson úr Keflavík og féll bronsskórinn því í hans hlut.

Eyjastúlkur skipuðu sér í tvö efstu sætin í keppni um markahæsta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Margrét Lára gerði 23 mörk og hlaut því gullskóinn, en Olga Færseth, sem lék við hlið

Margrétar í framlínu ÍBV-liðsins, hlaut silfurskóinn með 20 mörk. Nína Ósk Kristinsdóttir úr liði Íslandsmeistara Vals hlaut bronskóinn með 16 mörk.

GARÐAR ÖRN VALINN BESTI DÓMARINN

Garðar Örn Hinriksson var kjörinn besti dómari í Landsbankadeild karla í kjöri leikmanna. Er þetta í fyrsta sinn sinn sem Garðar Örn hlýtur þessa útnefningu, en viðurkenningin var nú afhent í 12. sinn.

LID ÁRSINS

Að venju völdu fjölmiðlar lið ársins í Landsbankadeildum karla og kvenna. Þau voru þannig skipuð.

Karlalið ársins:

Markvörður

Bjarni Þórður Halldórsson - Fylki Varnarmenn

Freyr Bjarnason - FH

Gunnlaugur Jónsson - ÍA

Sverrir Garðarsson - FH

Tommy Nielsen - FH

Tengiliðir

Atli Sveinn Þórarinsson - KA

Bjarnólfur Lárusson - ÍBV

Emil Hallfreðsson - FH

Heimir Guðjónsson - FH

Framherjar

Gunnar Heiðar Þorvaldsson - ÍBV

Grétar Ó. Hjartarson - Grindavík

Kvennalið ársins:

Markvörður

Guðbjörg Gunnarsdóttir - Val

Varnarmenn

Íris Andrésdóttir - Val

Pála Marie Einarsdóttir - Val

Málfríður Erna Sigurðardóttir - Val

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir - KR

Tengiliðir

Karen Burke - ÍBV

Laufey Ólafsdóttir - Val

Hólmfríður Magnúsdóttir - KR

Edda Garðarsdóttir - KR

Framherjar

Margrét Lára Viðarsdóttir - ÍBV

Nína Ósk Kristinsdóttir - Val

STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Bryddað var upp á þeirri nýjung að verðlauna þau félög í Landsbankadeild karla sem þóttu eiga litríkustu stuðningsmennina. Var það vel við hæfi að FH, félagið sem hampaði Íslandsmeistaratitlinum og lék auk þess skemmtilegustu knattspyrnuna skyldi einnig eiga litríkustu stuðningsmennina.

PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN MASTERCARD

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Mastercard voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu hvað prúðust á undangengnu tímabili. Í Landsbankadeild karla byggjast prúðmennskuverðlaun til liða á einkunnagjöf eftirlitsmanna á leikjunum, en í Landsbankadeild kvenna er stuðst við fjölda spjalda á lið. Háttvísinefnd valdi Pálma Haraldsson, ÍA, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Olgu Færseth, ÍBV, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Þau Pálmi og Olga eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Keflavík og Valur voru með prúðustu liðin, Keflavík í Landsbankadeild karla og Valur í Landsbankadeild kvenna. Ánægjulegt er að sjá að prúðustu liðin unnu bæði titla á árinu. Sérstakt yfirlit yfir gul og rauð spjöld má sjá í fylgiskýrslu.

ENN FJÖLGAR LEIKJUM

Leikjum fjölgaði verulega frá fyrra ári eða um 491 leik. Aukninguna má alla rekja til leikja í yngri flokkum félaganna, en einnig var tekin upp að nýju úrslitakeppni í Polla- og Hnátumótum. Líklegt er að fjöldi leikja fari yfir 5.000 á árinu 2005, þegar nýr aldursflokkur kvenna bætist við. Á síðastliðnum 10 árum hefur leikjum fjölgað um

rúmlega 54%, úr 3.189 leikjum árið 1995 í 4.926 leiki árið 2004.

SKIPULAG MÓTA

Skipulag á mótahaldi KSÍ miðast við heildarhagsmuni íslenskrar knattspyrnu. Í Landsbankadeild karla og VISA-bikarnum er tekið fullt tillit til A og U21 landsleikja, auk þess sem árleg þátttaka fjögurra félaga í Evrópumótum félagsliða setur mark sitt á niðurröðun leikja. Gert er ráð fyrir beinum sjónvarpsendingum, en samningar um þær skapa verulegar tekjur. Tekið er tillit til fjármála- og félagslegra þátta, m.a. áhorfenda, keppni í öðrum deildum karla og kvenna, starfs yngri flokka í eigin félagi, margra félaga á sama svæði, samnýtingu leikvalla, ferðalaga og varadaga vegna hugsanlegra frestana. Fyrrgreind atriði setja einnig mark sitt á niðurröðun lægri deilda karla. Í Landsbankadeild og VISA-bikar kvenna þarf að taka tillit til allra landsliða kvenna vegna lægri meðalaldurs leikmanna í meistaraflokki kvenna.

SMS-SKRÁNING ÚRSLITA

Í upphafi sumars var bætt við mótakerfi KSÍ möguleika á að senda inn úrslit leikja með sms-skeyti. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á heimasíðu KSÍ og félögunum þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við almenning. Því miður nýttu of fá félög sér þessa tækni, en allmörg stóðu sig afburða vel og gripu tækifærið til að koma úrslitum á framfæri með skjótum og einföldum hætti.

U23 FLOKKUR KARLA

Sett var upp ný keppni í stað 1. aldursflokks, Íslandsmót karla fyrir leikmenn 23 ára og yngri, þar sem

þó var heimilt að nota 4 eldri leikmenn. Átján félög tilkynntu þátttöku, en tvö hættu keppni eftir að mót var hafið. Nokkrar breytingar voru gerðar frá því sem verið hafði í 1. flokki og var nú keppt með deildarfyrirkomulagi, þannig að staða liða í meistaraflokki ræður ekki deilda- eða riðlaskiptingu (þó til bráðabirgða 2004). Reynt var að vanda betur til niðurröðunar m.t.t. leikja í deildum og 2. flokki. Dómarar leikjanna voru tilnefndir af KSÍ, en aðstoðardómarar komu frá heimafélagi. Mun meiri festa var í hinu nýja móti, en því hafði verið stórlega ábótavant í 1. aldursflokki áður.

KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

Frá árinu 1998 hefur KSÍ annast skipulagningu á mótum KRR í Reykjavík, og frá 2002 hefur KSÍ einnig skipulagt hið svokallaða Faxaflóamót. Sérstakur starfsmaður sér um þessi mót, enda umfang þeirra gríðarlegt. Fjöldi leikja í KRR mótum 2004 var 2.075, en 1.252 í Faxaflóamótum. Þess má geta að Reykjavíkurmótið fagna 90 ára afmæli á árinu 2005.

FYRSTI FÆREYSKI SIGURINN Í ATLANTIC CUP

Færeyjameistarar HB unnu KR 3-1 í *Atlantic bikarnum*, sem fram fór í Færeyjum í apríl og er samstarfsverkefni milli knattspyrnusambanda Íslands og Færeyja, með stuðningi opinberra aðila. Liðsmenn HB voru mun frískari en KR-ingar og skorðu öll sín mörk í fyrri hálfleik, en KR-ingar svöruðu í síðari hálfleik. Þetta er í þriðja sinn sem leikið er um þennan bikar og í fyrsta sinn sem færeyskt lið fagnar sigri.

ERLENDIR LEIKMENN

Á liðnu keppnistímabili léku mun fleiri erlendir leikmenn með íslenskum félögum en á undanförunum árum. Alls léku 102 erlendir leikmenn í deildarkeppni karla og kvenna 2004. Hér eru ekki taldir upp leikmenn sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

Ár	Fjöldi
2004	102
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Erlendum leikmönnum fjölgaði nokkuð í kvennadeildunum tveimur á milli ára, úr 9 alls árið 2003 í 16 á síðasta ári, og fjölgaði verulega í efstu tveimur deildum karla, fór úr 33 leikmönnum í 47. Erlendum leikmönnum fjölgaði einnig í 2. og 3. deild karla.

Skipt eftir deildum 2004

Deild	Fjöldi
LD karla	28
1. deild karla	19
2. deild karla	14
3. deild karla	25
LD kvenna	13
1. deild kvenna	3

Alls voru 23 af 30 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 9 félaga í 3. deild. Í Landsbankadeild karla komu flestir erlendir leikmenn komu við sögu hjá Víkingi R., eða 6, en Fylkir var eina liðið í deildinni sem ekki var með erlendan leikmann.

Fimm af átta félögum í Landsbankadeild kvenna voru með erlenda leikmenn, þar af ÍBV með flesta, 7 af þeim 13 erlendu leikmönnum sem léku í deildinni.

NOKKRAR BREYTINGAR Á SAMNINGSUMHVERFINU

Nokkrar lítilsháttar breytingar voru gerðar á samningsumhverfinu á

árinu. Flestar breytingarnar miðuðu að því að skerpa verksvið samninga- og félagaskiptanefndar. Helstu breytingar voru þær að nefndin fékk heimild til að beita refsingum við brotum félagsliða á reglugerðum um samninga. Þessi heimild hafði verið í höndum stjórnar KSÍ áður. Skerpt var á vinnulagi nefndarinnar varðandi meðferð mála í ágreiningsefnum milli félags og leikmanns. Einnig var skýrt betur í reglugerðinni að félagi væri óheimilt að ræða við samningsbundinn leikmann nema með leyfi viðkomandi félags. Sett var inn í reglugerð að áfrýja þurfi fyrir 1. mars ákvörðun um afreksstuðla ásamt því að skrifstofa KSÍ fékk heimild til að veita félögum tveggja vikna viðbótarskráningartíma til að bæta úr formgöllum á samningum.

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Landsbankadeild karla var 119, eilítið færri en árið á undan. Fjöldinn féll nokkuð 2002 (105), en hækkaði aftur 2003 og var þá svipaður og árin 2001 (119) og 2000 (117). Félögin virðast almennt hafa færri leikmenn á samningi en áður tíðkaðist, en árið 1999 var 151 samningur skráður hjá félögum í deildinni.

MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Sjö mál voru tekin formlega fyrir hjá samninga- og félagaskiptanefnd á árinu: Breiðablik gegn ÍBV, Fylkir gegn ÍA, ÍBV gegn Ólafi Garðarssyni umboðsmanni og Leiknir R. gegn Víkingi R., öll vegna meintra brota á reglugerð, Breiðablik gegn Keflavík vegna úrskurðar um félagaskiptagjald fyrir Björgu Ástu Þórðardóttir, Sigurður Donys gegn Þór vegna ágreinings um launagreiðslur, og áfrýjun Grindavíkur á afreksstuðli Grétar Ólafs Hjartarsonar. Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu. Nefndin fékk ýmis smærri

ágreiningsmál til úrlausnar á árinu, án þess að um formlegt málskot væri að ræða, sem nefndarmenn og starfsmenn KSÍ leystu.

FÉLAGASKIPTI Á ÁRINU

Fjöldi félagaskipta síðastliðin tvö ár er nokkru meiri en árin á undan. Félagaskipti í ár voru 1.246 og 1.257 árið á undan. Árið 1999 voru félagaskiptin 1.043, 2000 voru þau 1.105 talsins, 2001 voru þau 1.096 og 2002 voru þau 1.078. Líkt og síðustu ár þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt.

UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Á Íslandi hafa fjórir aðilar réttindi til að starfa sem umboðsmenn leikmanna, eða "KSÍ umboðsmenn". Aðilar sem vilja starfa sem umboðsmenn leikmanna þurfa að standast skriflegt próf, auk þess sem þeir þurfa að verða sér úti um tryggingar og undirrita sérstaka yfirlýsingu um framkomu, skv. reglugerð um umboðsmenn leikmanna. Enginn nýr umboðsmaður fékk réttindi á árinu. Fjórtán umboðsmannasamningar (samningur leikmanns við umboðsmann) voru skráðir hjá KSÍ á árinu. Eftirtaldir aðilar hafa nú réttindi til að starfa sem KSÍ umboðsmenn: Arnór Guðjohnsen, Eyjólfur Bergþórsson, Guðlaugur Þór Tómasson og Ólafur Garðarsson.

SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

Íslandsmeistarar karla

24 sinnum	KR
19 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
5 sinnum	Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	ÍBV
1 sinni	FH, KA

Bikarmeistarar karla

10 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA
8 sinnum	Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV
3 sinnum	Keflavík
2 sinnum	Fylkir
1 sinni	ÍBA, Víkingur R.

Íslandsmeistarar kvenna

14 sinnum	Breiðablik
6 sinnum	KR
5 sinnum	Valur
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Árman

Bikarmeistarar kvenna

9 sinnum	Valur
8 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA
2 sinnum	KR
1 sinni	ÍBV

•••••

DÓMARAMÁL

BREYTINGAR HJÁ DÓMURUM

Engin breyting varð á A-hópi dómara 2004 frá fyrra ári. Sigurður Óli Þórleifsson færðist upp sem A-aðstoðardómari, Áskell Þ. Gíslason og Sævar Jónsson urðu B-dómarar og Sverrir Pálmason varð B-aðstoðardómari. Halldór Ingi Steinsson, Valgeir Valgeirsson og Örvar Sær Gíslason urðu C-dómarar og Rúnar Steingrímsson kom þar inn að nýju. Sigurður Þór Þórsson lét af störfum um mitt ár og í árslok 2004 ákvað Örn Bjarnason að hætta störfum.

Í árslok 2004 var lokið við flokkun ABC-dómara 2005. Eyjólfur Magnús Kristinsson bættist í A-hóp dómara og Gunnar Sverrir Gunnarsson bættist við sem A-aðstoðardómari. Í B-hóp dómara bættist við Rúnar Steingrímsson og í hóp B-aðstoðardómara þeir Jóhann Gunnarsson og Oddbergur

Eiríksson. Nýir C-dómarar 2005 verða Ásgrímur Helgi Einarsson, Egill Arnar Sigurbórsson, Frosti V. Gunnarsson, Garðar Hauksson og Hjalti Einarsson.

ÆFINGAFERÐIR

Tólf dómarar tóku þátt í ferðum til Spánar og Portúgals um mánaðamótin mars/apríl í samstarfi við ferðaskrifstofuna Úrval-Útsýn til að dæma æfingaleiki íslenskra félagsliða.

LANDSDÓMARARÁÐSTEFNA OG AÐRIR FUNDIR

Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram að venju í lok apríl og var öðru sinni haldin á Selfossi. Erlendur fyrirlesari var David Elleray frá Englandi, sem var einn fremsti dómari Englands um langt árabil.

Samræmingarfundur A-dómara var haldinn í lok júní í Reykjavík.

Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri. Hæfileikamótun ungra dómara fór fram að Laugarvatni í ágúst með þátttöku þriggja dómara.

Ingi Jónsson sótti ráðstefnu í Osló á vegum UEFA fyrir kennara í dómarafræðum. Hann sat einnig fund í lagahópi norrænu dómara-nefndanna.

DÓMGÆSLA Í U23 KARLA

KSÍ skipaði dómara (ekki aðstoðardómara) á leiki í U23 keppni karla, sem nú var haldin í fyrsta sinn og kom í stað 1. flokks. Dómararnir komu úr ABC-flokki og úr röðum reyndari D-dómara.

ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALÞJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómarar dæmdu alls 5 A eða U21 landsleiki karla á árinu og einn A landsleik kvenna, bæði vináttulandsleiki og leiki í undankeppnum. Að auki voru íslenskir dómarar á fjölda leikja í Evrópumótum félagsliða og Evrópumótum U17 landsliða karla. Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2004 koma fram í fylgiskýrslu.

MIKILL FJÖLDI VERKEFNA

A, B og C deildardómarar sáu um 1.324 störf í meistaraflokki karla og kvenna, 686 sinnum sem dómarar og 609 sinnum sem aðstoðardómarar. Að auki koma störf sem varadómarar, alþjóðleg verkefni, leikir á vegum félaga, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, æfingaleikir og innanhúsmót. Sérstakt yfirlit í fylgiskýrslu sýnir nöfn og flokkun dómaranna, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokki árið 2004.

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf sem dómarar í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla.

EFTIRLITSMENN

Um 40 eftirlitsmenn KSÍ voru á 337 leikjum í landsdeildum og bikarkeppni, auk nokkurra annarra sérvalinna leikja. Eftirlitsmenn gerðu skýrslur um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Landsbankadeild karla. Fundir með eftirlitsmönnum voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Námskeið fyrir verðandi unglingsdómara voru haldin með aðstoð internetsins, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þátttakendur fengu þrisvar sinnum sent lesefni og ábendingar í tölvupósti, auk heimaverkefna. Að lokum voru 2 stundir með kennara og lokapróf. Námskeið voru í febrúar, maí og nóvember og luku 144 dómaraefni prófi 2004, auk 23 nemenda við íþróttaskor Kennaraháskólans að Laugarvatni.



LANDSLIÐSMÁL

BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Eins og fram hefur komið olli árangur A landsliða karla og kvenna vonbrigðum á árinu. Karla-liðið vann aðeins einn leik á árinu af níu, og þó svo að sá sigurleikur hafi verið ógleymanlegur var aðeins um vináttuleik að ræða og verður að segjast eins og er að liðið hefði getað gert betur í öðrum leikjum, sérstaklega í leikjunum í undankeppni HM 2006. Kvennaliðið lék vel í fyrstu leikjum ársins, en tapaði síðan sex leikjum í röð, þar á meðal leikjum gegn Norðmönnum í umspili um sæti í lokakeppni EM 2005.

Samningur Helenu Ólafsdóttur, þjálfara A landsliðs kvenna, rann út um síðustu áramót og var ákveðið að framlengja ekki þann samning.

A LANDSLIÐ KARLA

Leiknir voru fimm vináttulandsleikir á árinu og var sá fyrsti gegn Albaníu í mars.

Heimamenn náðu forystunni undir lok fyrri hálfleiks, en íslenska liðið jafnaði metin um miðjan síðar hálfleik. Sigurmark Albana kom síðan gegn gangi leiksins þegar um 10 mínútur voru til leiksloka.

Annar leikur ársins var í Lettlandi í apríl og lauk honum með markalaus jafntefli.

Um mánaðamótin maí/júní tók landsliðið þátt í þriggja liða móti í Manchester í Englandi ásamt heimamönnum og landsliði Japans. Fyrsti leikur mótsins var leikur okkar manna og Japana, sem höfðu betur 3-2 í fjörugum leik. Í lokaleik mótsins lék íslenska liðið gegn Engendingum og unnu heimamenn öruggan 6-1 sigur. Það var Heiðar Helguson sem skoraði öll mörk Íslands í mótinu.

Síðasti vináttulandsleikur ársins og sá eini á heimavelli var gegn Ítölum í ágúst. Íslenska liðið byrjaði af krafti og skoraði tvö mörk á nokkurra mínútna kafla í fyrri hálfleik. Þessi tvö mörk reyndust þau einu í leiknum og því frábær sigur íslenska liðsins á þreföldum heimsmeisturum Ítala staðreynd. Glæsilegt aðsóknarmet var sett í leiknum, en 20.204 manns troðfylltu Laugardalsvöllinn og settu met sem seint verður slegið.

Undankeppni HM 2006 hófst síðastliðið haust. Fyrsti leikur keppninnar var heimaleikur gegn Búlgörum. Gestirnir náðu forystunni í fyrri hálfleik og bættu við öðru marki á upphafsmínútum þess síðari en Ísland minnkaði muninn úr vítaspyrnu mínútu síðar. Búlgarar skoruðu svo síðasta mark leiksins um miðjan hálfleikinn.

Fjórum dögum síðar var leikið gegn Ungverjum ytra og urðu lokatölur leiksins 3-2, Ungverjum í vil. Íslenska liðið komst yfir með marki undir lok fyrri hálfleiks. Ungverjar náðu að jafna metin eftir um

klukkustundar leik og þeir bættu síðan við öðru marki stundarfjórðungi fyrir leikslok. Íslenska liðið náði að jafna metin, en tveimur mínútum eftir jöfnunarmarkið skoruðu heimamenn sigurmark leiksins.

Í byrjun október var haldið til Möltu og lyktaði leiknum þar með markalausum jafntefli, þrátt fyrir góð marktækifæri beggja liða.

Síðasti leikur ársins var svo gegn Svíum á Laugardalsvelli. Fjögur mörk sænska liðsins í fyrri hálfleik gerðu í raun út um leikinn, en eina mark Íslendinga kom í síðari hálfleik.

U21 LANDSLIÐ KARLA

Góð byrjun U21 liðs karla undir stjórn nýs þjálfara, Eyjólfssonar, hefur vakið verðskuldaða athygli. Liðið hefur á að skipa efnilegum leikmönnum sem munu á efa banka á dyr A landsliðsins áður en langt um líður.

Liðið lék einn vináttulandsleik á árinu, gegn Eistlendingum ytra, sem tapaðist 1-2. Eistar skoruðu í fyrri hálfleik, en okkar piltar jöfnuðu metin í þeim síðari. Heimamenn skoruðu síðan sigurmarkið á lokamínútum leiksins. Leikurinn var ágætis undirbúningur fyrir komandi verkefni í undankeppni Evrópumótsins, en liðið lék fjóra leiki í þeirri keppni á árinu, tvo á útivelli og tvo heimaleiki.

Fyrsti leikurinn var gegn Búlgörum á Víkingsvelli og vannst sannfærandi 3-1 sigur. Hannes Þ. Sigurðsson skoraði öll mörk íslenska liðsins, þar af tvö úr vítaspyrnum. Sigur liðsins á Víkingsvelli var sá fyrsti sem U21 landslið karla innbyrti í undankeppni EM síðan árið 2001.

Fjórum dögum síðar var leikið gegn Ungverjum og tapaðist leikurinn naumlega 0-1, en sigurmark Ungverja kom á lokamínútu leiksins.

Þriðji leikurinn var gegn Maltverjum ytra og tapaðist 0-1. Hann þótti bragðdaufur og lítið var um marktækifæri. Sigurmark Maltverja kom með langskoti á síðustu andartökum leiksins, líkt og gegn Ungverjum. Síðasti leikur ársins var heimaleikur gegn Svíum í Grindavík og aftur vannst 3-1 heimasigur. Íslenska liðið lék vel og var sigurinn fyllilega verðskuldaður. Hannes Þ. Sigurðsson skoraði sína aðra þrennu í keppninni og hefur því skorað öll mörk Íslands í keppninni hingað til, 6 talsins, og er orðinn markahæsti leikmaður U21 landsliðsins fyrr og síðar með 7 mörk.

Uppskera ársins var því 6 stig úr fjórum leikum og situr liðið í 2. - 4. sæti riðilsins ásamt Ungverjum og Svíum, en Króatar eru efstir með 9 stig.

U19 LANDSLIÐ KARLA

Guðni Kjartansson stjórnaði U19 landsliði karla á árinu, eins og hann hefur gert frá 1992. Samningur Guðna var endurnýjaður til tveggja ára í janúar 2004.

Leiknir voru tveir vináttuleikir gegn Norður-Írum ytra í apríl. Fyrri leiknum lauk með 2-0 sigri heimamanna sem skoruðu eitt mark í hvorum hálfleik. Heimamenn voru sterkari aðilinn í leiknum og áttu sigurinn fyllilega skilinn. Norður-Írar unnu einnig síðari leikinn og kom eina mark leiksins snemma í síðari hálfleik.

Ísland var í riðli með Noregi, Austurríki og Búlgaríu í undankeppni EM og var leikið í Noregi í byrjun október. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum, sem unnu 3-0

sigur. Norðmenn voru sterkari aðilinn í leiknum lengst af, þó mörkin kæmu ekki fyrir en í síðari hálfleik. Annar leikurinn var gegn Austurríkismönnum. Jafnræði var með liðunum framan af, en Austurríkismenn reyndust sterkari á lokakaflanum, skoruðu 3 mörk á síðustu 25 mínútunum og unnu 5-2 sigur. Lokaleikur liðsins var gegn Búlgörum og vann íslenska liðið góðan 3-2 sigur. Austurríkismenn og Norðmenn hlutu 7 stig og komust áfram í milliriðla. Ísland hafnaði í þriðja sæti með 3 stig, en Búlgarar ráku lestina án stiga.

U17 LANDSLIÐ KARLA

U17 landslið karla stóð sig vel á árinu undir stjórn Lúkasar Kostic og var um tvö landslið að ræða. Samningur Lúkasar var endurnýjaður til tveggja ára í janúar 2004.

Liðið skipað leikmönnum fæddum 1987 og síðar lék í milliriðlum fyrir EM, sem var framhald frá árinu 2003 er liðið tryggði sér áframhaldandi þátttöku í keppninni. Leikið var í nágrenni Sheffield á Englandi. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum og vannst góður 2-1 sigur. Annar leikurinn var gegn heimamönnum sem voru vel studdir af tæplega 6 þúsund áhorfendum. Sigurmark Englendinga kom eftir aukaspyrnu rétt utan teigs á lokamínútu leiksins. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Armenum og höfðu okkar menn sigur 2-1 eftir að hafa verið undir í hálfleik en skorað tvö mörk í þeim síðari. Englendingar sigruðu í riðlinum með fullt hús stiga og léku því í lokakeppni mótsins í sumar, íslenska liðið varð í öðru sæti með 6 stig, Armenar hlutu 3 stig og Norðmenn ráku lestina með ekkert stig.

U17 liðið skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar lék í Opna Norðurlandamótinu, sem að þessu

sinni fór fram í Vaasa í Finnlandi í ágúst. Fyrsti leikurinn var gegn Norðmönnum, sem unnu 2-1. Næsti leikur var gegn heimamönnum og vann íslenska liðið góðan sigur með tveimur mörkum í síðari hálfleik. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Skotum og vannst 1-0 sigur í miklum baráttuleik. Íslenska liðið varð efst í sínum riðli með 6 stig, Norðmenn og Finnar hlutu 4 stig og Skotar 3 stig. Ísland lék því til úrslita á mótinu í annað sinn á þremur árum. Mótherjarnir voru Danir sem gerðu í raun út um leikinn í fyrri hálfleik með þremur mörkum, en ekkert var skorað í þeim síðari. Okkar drengir léku í heildina vel á mótinu og verður það að teljast frábær árangur að komast í úrslitaleik Norðurlandamóts.

Leikið var í undankeppni EM í Þýskalandi um mánaðamótin sept / okt. Fyrsti leikurinn var gegn Írum og lauk honum með 1-1 jafntefli. Annar leikurinn var gegn Litháen og lauk honum einnig með jafntefli, að þessu sinni 2-2. Fyrir þriðja leikinn var enn möguleiki á að komast upp úr riðlinum með því að leggja Þjóðverja að velli, en Þjóðverjar skoruðu eina mark leiksins í fyrri hálfleik. Ísland hafnaði því í þriðja sæti riðilsins og er úr leik í keppninni. Þjóðverjar og Írar tryggðu sér áframhaldandi þátttöku með því að hafna í tveimur efstu sætunum.

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman tæplega 70 leikmenn og fór mótið vel fram að venju. Úrtökumótið er haldið vegna vals á leikmönnum sem eru gjaldgengir í U17 liðið á árinu 2005 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur. Þá hófst undirbúningur að úrtökumóti 2005 og voru boðaðir 35 leikmenn á æfingar í nóvember og aðrir 35 verða boðaðir í mars.

Þessir leikmenn verða hlutgengir í U17 landsliðið 2006.

NETSALA Á LANDSLEIKI AÐ FESTA SIG Í SESSI

Netsala á leiki A landsliðs karla hefur náð að festa sig vel í sessi síðan fyrst var boðið upp á hana árið 2002. Salan fer fram í gegnum vefsíður KSÍ og Esso. Þannig getur fólk tryggt sér miða á einstaklega hagstæðu verði, auk þess sem veittur er 50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri. Nú er svo komið að meirihluti miða á stærri leiki seljast einmitt í gegnum netsöluna.

ÍSLENSKIR LEIKMENN HALDA Í ATVINNUMENNSKU

Á ári hverju halda leikmenn úr íslensku deildinni í víking og reyna fyrir sér í atvinnumennsku hjá erlendum félögum. Annars vegar er um að ræða leikmenn sem hafa verið á meðal þeirra sterkari í deildinni hér á landi, en hins vegar unga og efnilega leikmenn. Nokkrir leikmenn skiptu m.a. til félaga í Sviss, Skotlandi og Englandi, þar sem Íslendingar hafa leikið við góðan orðstír. Á meðal þeirra sem gengu til liðs við erlend félög voru nokkrir af sterkari leikmönnum Landsbankadeildarinnar.

Landsliðsmaðurinn Ólafur Örn Bjarnason fór frá Grindavík til norska liðsins Brann. Annar landsliðsmaður, Kristján Örn Sigurðsson, gekk síðan til liðs við Brann frá KR í janúar 2005. Þá fór Veigar Páll Gunnarsson til norska liðsins Stabæk frá KR.

Fjórir leikmenn fóru til félaga í Svíþjóð. Ómar Jóhannsson fór frá Keflavík til Bunkeflo í byrjun árs, markakóngur Landsbankadeildar 2004, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, fór frá ÍBV til Halmstad, og tveir leikmenn Vikings R. fóru til Djur-

gården, þeir Sölvi Geir Ottesen og Kári Arnason.

Emil Hallfreðsson, efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar karla 2004, skipti úr FH í enska liðið Tottenham. Grétar Rafn Steinsson, leikmaður ÍA, gekk til liðs við Young Boys í Sviss og Þórarinn Kristjánsson fór frá Keflavík til skoska liðsins Aberdeen.

Þrír af efnilegri leikmönnum landsins gengu til liðs við félög í Skotlandi. Hjálmar Þórarinnsson fór frá Þrótti R. til Hearts og tveir KR-ingar fóru til Celtic, þeir Kjartan Henry Finnbogason og Theodór Elmar Bjarnason.

Þá skipti hinn bráðefnilegi Bjarni Þór Viðarsson úr FH í enska úrvaldeildarfélagið Everton og Arnór Smáráson skipti úr ÍA í hollenska liðið Heerenveen.

ATVINNUMENN ERLENDIS

Rúmlega 40 Íslendingar eru í dag atvinnumenn með erlendum liðum og hefur þessi fjöldi haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár. Flestir leika á Englandi, en íslenskir leikmenn eru einnig hjá liðum í Noregi, Danmörku, Belgíu, Hollandi, Svíþjóð, Skotlandi, Sviss og Þýskalandi.

Íslenskum leikmönnum í Noregi hefur fækkað nokkuð, en fjöldinn hefur aukist í Svíþjóð og Englandi, auk þess sem Sviss og Skotland hafa á ný bæst í hóp þeirra landa þar sem Íslendingar leika.

LANDSLEIKJAÁFANGAR

Nokkrir leikmenn náðu stórum áföngum í landsleikjafjölda á árinu. Arnar Gréтарsson lék sinn 70. leik, Hermann Hreiðarsson lék sinn 60. leik og Þórður Guðjónsson lék 50. leik sinn.

100. LEIKUR U21 KARLA

Leikur U21 landsliðs karla gegn Möltu á Ta'Qali leikvanginum í október var 100. leikur liðsins frá upphafi. Fyrsti leikurinn var gegn Noregi í Fredrikstad árið 1978.

EIÐUR NÁLGAST MARKAMETIÐ

Mark Eiðs Smára gegn Svíum í undankeppni HM á Laugardalsvelli var hans 13. fyrir A-landsliðið og hefur hann nú skorað einu marki færra en faðir sinn, Arnór, og Ríkharður Daðason. Þeir félagar eru jafnir á eftir Skagamanninum Ríkharði Jónssyni sem gerði 17 mörk á sínum tíma, en hann er einmitt afi Ríkharðs Daðasonar. Þórður Guðjónsson hefur líkt og Eiður skorað 13 mörk.

ÞRÍR BRÆÐUR Í BYRJUNARLIÐINU

Vináttulandsleikur Íslands og Albaníu í mars 2004 var sögulegur að einu leyti. Í byrjunarliði Íslands voru þrír bræður, þeir Bjarni, Jóhannes Karl og Þórður, synir Guðjóns Þórðarsonar fyrrverandi landsliðsþjálfara. Þetta hefur gerst einu sinni áður í sögu landsliðsins, þegar þeir Bjarni, Hörður og Gunnar Felixsynir léku saman gegn áhugamannaliði Englendinga í London í september 1963.

A LANDSLIÐ KVENNA

Undankeppni EM lauk á árinu og lék íslenska liðið aukaleiki gegn Norðmönnum um sæti í lokakeppni EM 2005.

Undirbúningur fyrir Evrópukeppnina hófst með vináttuleik við Skota í Egilshöll í mars, fyrsti A-landsleikurinn sem leikinn var innanhúss hér á landi. Íslenska liðið vann 5-1 stórsigur og gerði Margrét Lára

Viðarsdóttir þrennu í leiknum. Sigurinn var þó dýru verði keyptur þar sem Ásthildur Helgadóttir, fyrirliði íslenska liðsins, meiddist illa og var frá keppni allt tímabilið. Annar undirbúningsleikur fór fram í Englandi í maí gegn heimamönnum, sem unnu 1-0 í jöfnum og spennandi leik.

Fyrsti leikur ársins í undankeppni EM 2005 var gegn Ungverjum í lok maí. Leikurinn fór fram í Székesfehervár í Ungverjalandi og vann íslenska liðið öruggan 5-0 sigur. Olga Færseth gerði þrennu í leiknum og Margrét Lára Viðarsdóttir gerði hin mörkin tvö. Sigurinn gaf íslenska liðinu góða möguleika í keppninni við Rússland og Frakkland um efstu sæti riðilsins.

Annar leikurinn í riðlakeppni EM var gegn Frökkum á Laugardalsvelli í júní og vann Frakkland með þremur mörkum gegn engu.

Þann 22. ágúst mætti Ísland Rússum á Laugardalsvelli í leik sem skipti öllu máli í baráttunni um 2. sætið í riðlinum. Gestunum tókst að skora tvö mörk gegn engu marki íslenska liðsins, sem hafnaði í 3. sæti riðilsins en náði þó sæti í umspili um sæti í lokakeppninni gegn Norðmönnum. Hefði liðið náð 2. sætinu hefðu mótherjarnir í umspili verið veikari.

Í september var íslenska liðinu boðið til Bandaríkjanna til að leika tvo leiki gegn hinum nýkrýndu Ólympíumeisturum. Fyrri leikurinn fór fram í Rochester og tapaði íslenska liðið naumlega 3-4. Bandaríska liðið komst þremur mörkum yfir, en okkar stúlkur jöfnuðu leikinn á fimm mínútna kafla í síðari hálfleik. Bandaríska liðið skoraði sigurmarkið þegar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma. Síðari leikurinn fór fram fjórum dögum

síðar og tapaði íslenska liðið með þremur mörkum gegn engu.

Í nóvember var leikið gegn Norðmönnum í umspili um sæti í lokakeppni EM 2005. Fyrri viðureignin fór fram í Egilshöll og tapaði íslenska liðið illa, 2-7, að viðstöddum 2.500 áhorfendum.

Leikurinn var tímamótaleikur, fyrsti alþjóðaleikurinn í opinberri keppni innanhúss hér á landi og fyrsti kvennalandsleikurinn sem sýndur er beint til útlanda, en leikurinn var bæði sýndur á Eurosport og í norska sjónvarpinu.

Seinni leikurinn fór fram þremur dögum síðar, einnig innandyra, í Valhöll í Osló. Íslenska liðið lék mun betur en í Egilshöll, en þrátt fyrir það vann norska liðið leikinn með tveimur mörkum gegn einu og því 9-3 samanlagt.

Í desember var Jörundur Áki Sveinsson ráðinn þjálfari A landsliðs kvenna næstu tvö árin. Jörundur Áki var einmitt þjálfari liðsins á undan Helenu Ólafsdóttur.

U21 LANDSLIÐ KVENNA

Úlfar Hinriksson þjálfaði U21 lið kvenna á árinu og stjórnaði því í Opna Norðurlandamótinu, sem fram fór hér á landi í júlí við frábærar aðstæður á Norðurlandi, en leikið var á Akureyri, Blönduósi, Dalvík, Ólafsfirði og Sauðárkróki. Mótið tókst vel í alla staði og var mikil ánægja með framkvæmd og skipulag þess.

Íslenska liðið lék sinn fyrsta leik í keppninni á Sauðárkróksvelli gegn Englandi. Leikurinn var jafn og spennandi og lauk honum með 1-1 jafntefli, sem lofaði góðu fyrir framhaldið. Næsti leikur liðsins var gegn Danmörku á Akureyrarvelli og lauk honum einnig með 1-1 jafntefli. Þriðji leikur liðsins, gegn

Svíum, fór fram á Blönduósi og enn varð jafntefli niðurstaðan, í þetta sinn 2-2. Íslenska liðið lék því um 5. sæti á Þórsvellinum á Akureyri við Þýskaland. Leiknum lauk enn á ný með 1-1 jafntefli og því fór fram vítaspyrnukeppni þar sem Ísland sigraði og tryggði sér 5. sætið. Lið Bandaríkjanna sigraði í mótinu eftir úrslitaleik við Svíþjóð.

Í lok árs var Elísabet Gunnarsdóttir ráðin þjálfari U21 liðsins næstu tvö árin. Elísabet þjálfar jafnframt lið Íslandsmeistara Vals í meistara-flokki kvenna.

U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 landslið kvenna, eins og hann hefur gert alveg frá árinu 1999. Ólafur hefur stjórnað liðinu í öllum leikjum þess nema einum, þeim fyrsta, gegn Færeyingum árið 1997.

Liðið skipað leikmönnum fæddum 1985 og síðar lék í milliriðli EM sem fór fram í Póllandi í apríl. Liðið hafði komist áfram eftir undankeppni haustið áður. Fyrsti leikur liðsins var gegn Ungverjum og sigraði Ísland örugglega 4-1. Annar leikurinn var gegn heima-mönnum og sigraði Ísland einnig í þeim leik, að þessu sinni 3-1. Síðasti leikur liðsins var gegn Þýskalandi og var það hreinn úrslitaleikur um sigur í riðlinum og sæti í úrslitakeppni EM. Íslenska liðið byrjaði vel og komst yfir snemma leiks, en þýska liðið var þó ekki af baki dottið og náði smám saman undirtökum í leiknum, sem lauk með 5-1 sigri Þýskalands. Íslenska liðið hafnaði því í öðru sæti í riðlinum og komst ekki í úrslitakeppni EM. Einungis munaði þremur mörkum, því tvö lið í 2. sæti í milliriðlunum komust áfram.

U19 skipað leikmönnum fæddum 1986 og síðar lék í undankeppni EM á Írlandi. Liðið lék fyrst gegn

heimamönnum og tapaði 0-1. Annar leikur liðsins var gegn Grikklandi og leit stærsti ósigur U19 kvenna frá upphafi dagsins ljós, 0-4. Þriðji og síðasti leikur liðsins var gegn Sviss og lauk honum með 1-4 tapi.

U17 LANDSLIÐ KVENNA

U17 lið kvenna, undir stjórn Ragnhildar Skúladóttur, tók að venju þátt í Opna Norðurlanda-mótinu, sem fram fór í Danmörku að þessu sinni. Íslenska liðið hóf keppni með stóru tapi gegn Svíþjóð, 0-6, en gekk betur í næsta leik, gegn Noregi, og gerði 2-2 jafntefli. Þriðji og síðasti leikur liðsins í riðlakeppninni var gegn Þjóðverjum, og aftur varð stórt tap niðurstaðan, að þessu sinni 0-7. Íslenska liðið lék því við Finnland um 7. sæti og vannst þar kær-kominn sigur, 3-2.

Nýr þjálfari U17 kvenna var ráðinn í janúar 2005, Erna Þorleifsdóttir, og er samningur hennar til næstu tveggja ára.

TVÆR TIL NOREGS

Tvær landsliðskonur gengu til liðs við erlend félög á árinu. KR-ingarnir Þóra Björg Helgadóttir og Hrefna Huld Jóhannesdóttir fóru til norskra félaga, Þóra til Kolbotn og Hrefna til Medkila.

ÞRJÁR Í 50 LEIKJA KLÚBBINN

Þrír leikmenn A landsliðs kvenna léku 50. landsleiki sína á árinu, þær Erla Hendriksdóttir, Katrín Jónsdóttir og Olga Færseth. Einnig náði Edda Garðarsdóttir þeim áfanga á árinu að leika sinn 25. leik fyrir liðið.

ÚRSLITAKEPPNI EM U19 KVENNA Á ÍSLANDI 2007

Ákveðið hefur verið að úrslitakeppni EM U19 landsliða kvenna verði haldin á Íslandi í júlí árið 2007. Ákveðið var að sækja um keppnina í tilefni þess að árið 2007 verður KSÍ 60 ára. Úrslitakeppni sem þessi er gríðarlega umfangsmikið verkefni, en alls leika þar 8 lið í tveimur riðlum. Óhætt er að segja að mótið verði mikil lyftistöng fyrir íslenska knattspyrnu og knattspyrnuáhugafólk hér á landi.

STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 93. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2004 og féll því um 35 sæti frá árinu á undan. Listinn er gefinn út mánaðarlega. A-landslið kvenna var í 18. sæti í lok árs á styrkleikalista FIFA fyrir kvennalandslið sem gefinn er út þrisvar sinnum á ári, og féll því um 1 sæti frá árinu á undan.

LANDSLEIKJUM FJÖLGAR

Heildarfjöldi landsleikja á árinu var nokkru hærri en árið á undan, eða 52 leikir miðað við 45 leiki 2003. Þar af voru 23 kvennaleikir. Landsleikjum karla hafði fækkað nokkuð undanfarin ár, en nú fjölgaði þeim á ný, voru 29 á árinu samanborið við 27 árið 2002, og 24 árið 2003. U17 lið karla lék flesta leiki allra liða á árinu, eða 10. A landslið karla og kvenna léku jafnmarga leiki, eða 9 talsins.

EIÐUR OG MARGRÉT LÁRA KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Stjórn KSÍ ákvað á árinu að breyta fyrirkomulagi við val á knattspyrnufólki ársins þannig, að skipað væri svokallað Leikmanna-val, sem í eru aðallega fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystu-

menn í knattspyrnuhreyfingunni. Leikmannavalið mun ákveða hvaða knattspyrnufólk þykir skara fram úr á ári hverju.

Leikmannaval KSÍ útnefndi Eið Smára Guðjohnsen, leikmann Chelsea á Englandi, knattspyrnumann ársins 2004, og Margrét Lára Viðarsdóttir, leikmann ÍBV, knattspyrnukonu ársins 2004. Eiður Smári hlaut þar með útnefninguna annað árið í röð.

Eiður Smári, sem nálgast óðum markamet Ríkharðs Jónssonar með íslenska landsliðinu, lék á árinu 7 landsleiki og skoraði í þeim 4 mörk. Alls eru landsliðsmörk hans því orðin 13 í 34 landsleikjum. Eiður Smári hefur átt góðu gengi að fagna með félagliði sínu, Chelsea, og er Eiður jafnan á meðal markahæstu leikmanna liðsins.

Margrét Lára var lykilmáður í liði VISA-bikarmeistara ÍBV og íslenska landsliðsins. Hún var markahæsti leikmaður Landsbankadeildar kvenna á liðnu sumri með 23 mörk og hefur skorað 48 mörk í 40 leikjum fyrir ÍBV. Margrét Lára lék alla níu landsleiki ársins og skoraði í þeim 6 mörk og hefur nú skorað 11 mörk í aðeins 14 landsleikjum. Margrét Lára var valin efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar kvenna síðastliðið haust, annað árið í röð.

EIÐUR SMÁRI VALINN ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins, var kjörinn íþróttamaður ársins 2004 af Samtökum íþróttafréttamanna. Tveir aðrir knattspyrnumenn voru í hópi 10 efstu í kjörinu, þeir Heimir Guðjónsson hjá FH og Hermann Hreiðarsson hjá enska liðinu Charlton. Segja má að enginn annar íslenskur íþróttamaður hafi notið eins mikillar athygli í íþrótt sinni

eins og Eiður Smári gerir í dag, þegar hann leikur í vinsælustu íþrótt í heimi, og þar er hann glæsilegur fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

Þetta var í fyrsta skipti síðan 1987 sem knattspyrnumaður er kjörinn íþróttamaður ársins, en þá var einmitt Arnór Guðjohnsen, faðir Eiðs Smára, kjörinn.

•••••

EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

BETRI ÁRANGUR EN UNANFARIN ÁR

Árangur íslenskra félagliða í Evrópumótum var mun betri á liðnu ári en árið á undan. FH-ingar komust í gegnum tvær umferðir í forkeppni og inn í aðalkeppni UEFA-bikarsins með glæsibrag, en féllu úr keppni gegn mjög sterku þýsku liði. Skagamenn komust í 2. umferð forkeppninnar, einnig í UEFA-bikarnum, en féllu þar úr keppni gegn toppliði úr sænsku úrvalsdeildinni.

MEISTARADEILD UEFA

KR-ingar misstu niður tveggja marka forskot gegn írsku liðinu Shelbourne í fyrri viðureign liðanna í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar UEFA, en liðin mættust á Laugardalsvelli. Eftir mörk KR-inga sóttu leikmenn Shelbourne verulega í sig veðrið og tókst að jafna metin áður en yfir lauk. Liðin mættust að nýju í Dyflinni. Ekkert mark var skorað í þeim leik og því komst Shelbourne áfram á mörkunum sem liðið skoraði á Laugardalsvellingum.

UEFA-BIKARINN

Frammistaða FH-inga og Skagamanna í UEFA-bikarnum var nokkuð góð og þá sérstaklega sá árangur Hafnfirðinga að komast í 1. umferð aðalkeppninnar.

Lið FH sló Haverfordwest frá Wales nokkuð örugglega út í 1. umferð forkeppninnar, vann 1-0 á útivelli og 3-1 á heimavelli.

Í 2. umferð forkeppninnar voru andstæðingarnir mun öflugri, Dunfermline frá Skotlandi. Fyrri leiknum, sem leikinn var á Laugardalsvelli, lauk með 2-2 jafntefli í frábærum leik að viðstöddum 2.500 áhorfendum og því ljóst að FH-ingar yrðu að leika til sigurs í síðari leiknum, á útivelli. Leikurinn fór fram í Perth, þar sem heimavöllur Dunfermline er lagður gervigrasi. Dunfermline er einmitt eitt af þeim félögum sem tóku þátt í tilraunaverkefni UEFA með gervigras á aðalvöllum félaga víðs vegar um Evrópu. Skoska liðið náði forystunni seint í leiknum og útlitið var því ekki gott, en með mikilli þrautseigju og baráttu tókst FH-ingum að skora tvö mörk undir lok leiksins og tryggja sér þannig áframhaldandi þátttöku í keppninni og þar með sæti í 1. umferð aðalkeppninnar.

Mótherjar FH-inga reyndust vera þýska liðið Alemannia Aachen, sem leikur í næst efstu deild þar í landi og er félag í örum vexti. Þjóðverjarnir reyndust of sterkir fyrir FH-inga og eftir 5-1 sigur þeirra á Laugardalsvelli í fyrri leiknum var ljóst að ævintýrið væri úti. FH-ingar sneru þó bökum saman í síðari leiknum og gerðu markalaust jafntefli. Aachen tryggði sér þar með sæti í riðlakeppni UEFA-bikarsins, sem nú er leikinn með svipuðu sniði og Meistaradeildin.

Skagamenn mættu TVMK Tallinn frá Eistlandi í 1. umferð forkeppninnar.

innar og léku vel. Fyrri leiknum, sem fram fór á Akranesvelli, lauk með 4-2 sigri Skagamanna, sem unnu einnig síðari leikinn, að þessu sinni 2-0.

Mótherjarnir í 2. umferð forkeppninnar voru sænska liðið Hammarby, sem íslenski landsliðsmaðurinn Pétur Marteinson leikur með. Svíarnir unnu fyrri leikinn, sem var leikinn í Stokkhólmi, með tveimur mörkum gegn engu, og þeir unnu einnig seinni leikinn, á Akranesvelli, með tveimur mörkum gegn einu og því 4-1 samanlagt.

INTERTOTO-KEPPNIN

Fylkir lék í Intertoto-keppninni fyrir Íslands hönd að þessu sinni og mætti belgíska liðinu Gent. Fylkis-menn náðu ágætum úrslitum í fyrri leiknum, sem fram fór í Belgíu og lauk með 2-1 sigri heimamanna. Eins marks tap og mark skorað á útivelli. Í síðari leiknum, sem fram fór á Laugardalsvelli, náði Árbæjarliðið ekki að ógna marki Gent og þurfti að þola 0-1 tap. Belgíska liðið komst því áfram með samanlögðum 3-1 sigri.

HÁTTVÍSIKEPPNI UEFA

Milli aðildarlanda UEFA er keppni um þrjú laus sæti í UEFA-bikarnum, sem fer þannig fram að eftirlitsmenn UEFA í leikjum allra landsliða og Evrópumótum félagsliða gefa einkunn um háttvísi. Til að eiga möguleika á að komast í pottinn verður viðkomandi land að hafa náð 8,0 í meðaleinkunn og að hafa leikið tilskilinn fjölda leikja í keppnum á vegum UEFA, en að þessu sinni náðu 12 lönd lágmarkinu og var Ísland þar á meðal.

Svíar voru efstir í matinu og því fékk sænskt félagslið sæti í UEFA-bikarnum, en dregið var um hin sætin tvö. Hefði Ísland verið á meðal þeirra sem dregin voru út,

hefði Próttur R. leikið í UEFA-bikarnum, en Próttarar hlutu prúðmennskuverðlaun KSÍ og Mastercard fyrir árið 2003. Próttarar höfðu þó ekki heppnina með sér að þessu sinni.

UEFA-BIKAR KVENNA

KR-ingar léku í Evrópukeppni félagsliða kvenna, sem nú fór fram í 4. sinn. KR var í riðli með ZNK Krka Novo Mesto frá Slóveníu, Malmin Palloseura frá Finnlandi og hollenska liðinu Ter Leede. Leikið var í Slóveníu.

KR vann fyrstu tvo leiki sína, 1-0 gegn Ter Leede og 3-1 gegn Malmin Palloseura og lék því hreinan úrslitaleik gegn ZNK, sem lék á heimavelli. Heimaliðið hafði betur í leiknum, 2-1, og komst því áfram í keppninni. Liðin voru jöfn að stigum og KR hafði betri markatölu, en ZNK fór áfram vegna sigurs í innbyrðisviðureign liðanna.

KR-stúlkur léku vel í keppninni og voru íslenskri kvinnaknattspyrnu til mikils sóma.



MANNVIRKJAMÁL

SPARKVALLAVERKEFNIÐ

Sparkvallaverkefni KSÍ var stóra verkefnið á mannvirkjasviðinu á árinu 2004 og um leið umfangsmesta útbreiðsluverkefni sem ráðist hefur verið í hér á landi frá upphafi. Stjórn UEFA veitti sérstöku afmælisfé til uppbyggingar sparkvalla í aðildarlöndum sínum og úthlutaði hverju landi 1 milljón svissneskra franka til þess. Með stuðningi Alþingis og fjögurra stórfyrirtækja (Eimskip, KB-banki, Olís og VÍS) tókst að koma þeirri

upphæð sem varið yrði í verkefnið upp í um 150 milljónir króna.

Eftir allgóða umfjöllun hjá mannvirkjanefnd var ákveðið að miða við að vellirnir yrðu 18m x 33m að stærð og að notað yrði gervigras af þriðju kynslóð, sem fullnægði staðli UEFA.

Nýr bæklingur um sparkvelli var unninn og hann sendur til allra sveitarfélaga og aðila sem málið gæti varðað síðla vetrar. Í framhaldi af því var auglýst eftir umsóknum sveitarfélaga um þátttöku í verkefninu, þar sem gert var ráð fyrir að KSÍ sæi um kaup og lagningu á gervigrasinu en sveitarfélögin um undirvinnu og rammann um vellina.

Alls bárust umsóknir um 105 velli. Þá voru kaup og lagning á gervigrasinu boðin út og voru niðurstöður vel ásættanlegar. Hægt var að úthluta um 60 sparkvöllum og byggja þá 2004 og 2005, sem var mjög viðunandi niðurstaða, og fengu langflest sveitarfélög sem um sóttu a.m.k. einn sparkvöll.

Alls voru svo lagðir 20 vellir síðastliðið sumar, nítján voru hluti af þessu verkefni en einn var sérstakur gjafavöllur UEFA. Þeir vellir sem hafa verið byggðir af KSÍ þykja hafa tekist ákaflega vel og nýting þeirra er mikil. Gert er ráð fyrir að afgangurinn verði lagður sumarið 2005. Vellirnir eru staðsettir á skólalóðum til að reyna að ná til barna sem eru að jafnaði ekki að æfa knattspyrnu hjá aðildarfélögunum.

LEYFISKERFIÐ

Aðlögun leyfiskerfis UEFA að íslenskum aðstæðum hvað varðar knattspyrnumannvirki var áfram eitt af meginmálum ársins. Þar var unnið að því hvernig skuli standa að vottun mannvirkjanna og lögð hefur verið fram vinnuáætlun um

slíkt. Þá er verið að skoða staðla um flóðljós og hvernig þeir eiga við á Íslandi. Loks hefur verið unnin forvinna að gerð flóttáætlana á Laugardalsvelli sem ætlunin er að yfirfæra á aðra velli í Landsbankadeildinni eftir því sem ástæða er til.

FUNDUR NORRÆNU GERVIGRASNEFNDARINNAR

Í lok mars var haldinn hér á landi fundur norrænu gervigrasnefndarinnar og í tengslum við þann fund var haldið opið málþing um gervigras á knattspyrnuvöllum. Geysilega góð aðsókn var að málþinginu, eða um 60 manns, sem sýnir hve áhuginn er mikill fyrir þessu mállefni. Töluverðar umræður urðu að loknum framsöguerindum. Þá var tekið á mótí sendinefnd frá Færeyjum sem kom til að skoða uppbyggingu knattspyrnuhúsa á Íslandi.

•••••

FRÆDSLUMÁL

ÞJÁLFARAMENNTUN

Í janúar 2004 náði KSÍ þeim merka áfanga í þjálfaramenntun að veita UEFA-B þjálfaragráðuna í fyrsta sinn. Alls voru það 123 þjálfarar sem fengu gráðuna og kallast þeir KSÍ-B þjálfarar. Fræðslunefndin ákvað að Guðni Kjartansson fengi UEFA-B þjálfaraskírteini númer 1 á Íslandi.

KSÍ skilaði inn UEFA-A umsókn sinni til UEFA á liðnu ári og byrjaði strax að kenna eftir nýrri námskrá á stigi V, VI og VII. Fyrstu viðbrögð UEFA við umsókninni voru mjög jákvæð, en óskað var eftir viðbótarupplýsingum. Vonast er eftir að KSÍ fái umsókn sína endanlega samþykkt á apríl eða maí 2005. KSÍ hefur nú

þegar leyfi til að veita UEFA-B þjálfaragráðuna og UEFA-A gráðan er sú næsta í röðinni. UEFA-Pro gráðan er svo efsta þjálfaragráða UEFA og vera má að KSÍ bjóði upp á þá gráðu í samvinnu við erlend knattspyrnusambönd í framtíðinni. Þessar gráður þýða í raun að auðveldara er nú fyrir þjálfara að fá menntun sína metna í öðrum löndum og jafnframt er þetta gæðastimpill á þjálfaranámskeið KSÍ.

FRÆDSLUFURINN VEX

Í mars 2003 opnaði KSÍ sérstakan fræðsluvef fyrir þjálfara. Notkun vefsins jókst jafnt og þétt á liðnu ári og þar er búið að koma fyrir ýmsum fróðleik sem nýtist þjálfurum í starfi. Meðal annars er allt kennslufni þjálfaranámskeiða KSÍ aðgengilegt á fræðsluvefnum.

NÁMSKEIDAHALD

Þriðja árið í röð var metþátttaka á þjálfaranámskeiðum KSÍ og hefur námskeidahaldið aldrei verið umfangsmeira. Á árinu 2004 voru haldin 14 þjálfaranámskeið á vegum KSÍ. Flest námskeiðin voru haldin í Reykjavík, Kópavogi og Keflavík, en einnig hélt KSÍ þjálfaranámskeið á Ísafirði, Egilstöðum, í Vestmannaeyjum og á Englandi. Á þessi námskeið mættu alls 411 þjálfarar. Til samanburðar má nefna að árið 2001 komu 109 þjálfarar á þau 4 námskeið sem haldin voru það ár. Það má því segja að fjöldi þjálfaranámskeiða sem KSÍ býður upp á og þátttaka á þeim nálgist það að hafa fjórfaldast á þremur árum.

Fyrir utan hin hefðbundnu námskeið hélt KSÍ einnig markmannsþjálfunarnámskeið í samvinnu við breska sendiráðið. Simon Smith, markmannsþjálfari enska liðsins Newcastle United hélt námskeið í

maí fyrir 56 markmenn, þjálfara og markmannsþjálfara.

Fræðslunefnd hélt áfram að bjóða upp á námskeið á landsbyggðinni og gafst það mjög vel.

ERLEND SAMSKIPTI

KSÍ hefur verið virkt í því að taka þátt í ráðstefnum og námskeiðum erlendis og eru fræðslumálin þar engin undantekning.

Fulltrúar KSÍ sóttu að venju ýmsar ráðstefnur um þjálfaramenntun og fræðslumál. Sigurður R. Eyjólfsson fræðslustjóri var fulltrúi KSÍ á 14. ráðstefnu UEFA um menntun þjálfara sem haldin var á Krít. Ásgeir Sigurvínsson, Logi Ólafsson og Sigurður Ragnar voru fulltrúar KSÍ á UEFA ráðstefnu A-landsliðsþjálfara og fræðslustjóra sem haldin var í Stokkhólmi. Halldór Örn Þorsteinsson var fulltrúi KSÍ á 5. ráðstefnu UEFA um útbreiðslu knattspyrnunnar (grassroots) sem haldin var í Osló.

NORÐURLANDARÁÐSTEFNA UM KNATTSPYRNUÞJÁLFUN

KSÍ hélt Norðurlandaráðstefnu um knattspyrnuþjálfun á Hótel Loftleiðum og í Fífanni í nóvember. Þátttakendur voru fræðslustjórar knattspyrnusambanda á Norðurlöndum ásamt ýmsum landsliðsþjálfurum.

KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Skóli stúlkanna fór fram dagana 20. - 24. júní og sóttu hann 56 stúlkur. Ragnhildur Skúladóttir var skólastjóri og henni til aðstoðar var Margrét Jónsdóttir. Hjá drengjunum fór skólinn fram

dagana 9. - 13. júní, en hann sóttu samtals 42 drengir. Skólastjóri var Freyr Sverrisson og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

KNATTSPYRNULEIKUR GEGN HREYFIHÖMLUÐUM

Stjórnulið KSÍ tók áskorun frá knattspyrnuliði hreyfihamlaðra og lék gegn þeim, í hjólastólum. Stjórnuliðið tapaði 9-1 í leik sem fór fram í Íþróttahúsi ÍFR við Hátún og fékk mikla athygli fjölmiðla, enda um frábæra skemmtun að ræða. Leikurinn var liður í því verkefni að vekja athygli á mál-efnum hreyfihamlaðra á óhefðbundinn hátt og KSÍ vildi minna á að knattspyrna er fyrir alla. Með stjórnuliði KSÍ léku margar af okkar helstu stjórnnum, jafnt karlar sem konur, og bæði núverandi og fyrrverandi landsliðsfolk. Sigurður Ragnar Eyjólfsson hafði umsjón með leiknum fyrir hönd KSÍ.

ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í KNATTSPYRNU

Íslandsleikar Special Olympics innanhúss voru haldnir í apríl í Boganum á Akureyri. Íslandsleikar þessir eru haldnir með samstarfi Íþróttasambands fatlaðra og KSÍ og eru liður í árlegri knattspyrnuviku Special Olympics og UEFA. Aðaltilgangurinn með knattspyrnuvikunni er að auka fjölda þeirra þroskaheftu einstaklinga í Evrópu sem leggja stund á knattspyrnu með það markmiði að ná 50.000 þátttakendum árið 2005. Íslandsleikar utanhúss voru síðan haldnir á Selfossi í september. Þetta voru fjórðu leikarnir sem haldnir eru utanhúss. Áður hafa verið haldnir Íslandsleikar utanhúss á Akureyri, Akranesi og í Hafnarfirði.

VIÐURKENNING FYRIR GRASRÓTARSTARF

UEFA ákvað í tilefni af 50 ára afmæli sambandsins að veita viðurkenningu fyrir grasrótastarf í öllum aðildarlöndum sínum. KSÍ ákvað að viðurkenningin hér á landi kæmi í hlut Ungmennafélagsins Skallagríms í Borgarnesi. Félagið hlaut viðurkenninguna fyrir KB-bankamótið sem haldið er fyrir félög frá byggðarlögum í landinu með færri en 2.000 íbúa. KSÍ telur þetta vera mikilvægt framlag fyrir útbreiðslu knattspyrnunnar í minni bæjarfélögum landsins. Aðalsteinn Símonarson, formaður knattspyrnu- deildar Skallagríms tók við verðlaununum, viðurkenningarskjali og 50 boltum frá UEFA í höfuðstöðvum KSÍ.

ÝMIS SMÆRRI ÚTBREIÐSLUVERKEFNI

Vanda Sigurgeirsdóttir, þjálfari, fór í heimsókn á Höfn, gaf KSÍ-veggspjöld og ræddi þar við börn og unglinga um gildi knattspyrnu- iðkunar. Markmiðið var að sporna við brottfalli úr knattspyrnu.

Grétar Rafn Steinsson, leikmaður ÍA, fór í heimsókn til Þórshafnar á vegum KSÍ og var þar á fótbolta- dögum til að hjálpa til við að efla knattspyrnuna á Þórshöfn.

Helena Ólafsdóttir, landsliðsþjálfari kvenna, fór í heimsókn í knattspyrnskóla Stjórnunnar ásamt leikmönnum úr A-landsliði kvenna.

Eyjólfur Sverrisson heimsótti 80 ára afmælishátíð Hvatar á Blöndu- ósi, spjallaði við gesti og svaraði ótal spurningum áhugasamra knattspyrnuíðkenda á staðnum. Boðið var upp á knattþrautir fyrir krakkana.

•••••

ANNAD

EGGERT ÁFRAM Í FRAM- KVÆMDASTJÓRN UEFA

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, situr áfram í framkvæmdastjórn UEFA, en hann var kjörinn árið 2002 til fjögurra ára.

Geir Þorsteinsson, framkvæmda- stjóri KSÍ, situr í vallar- og öryggisnefnd UEFA og Ellert B. Schram er sérstakur eftirlitsmaður UEFA í leikjum á vegum sam- bandsins. Auk þess sinna þau Guðmundur Pétursson, Klara Bjartmarz, Ingi Jónsson og Sigurður Hannesson eftirlitsstörfum fyrir UEFA.

2000. FUNDUR STJÓRNAR KSÍ

Þann 18. mars 2004 var haldinn 2000. fundur stjórnar KSÍ frá stofnun sambandsins 26. mars 1947. Fyrsti stjórnarfundurinn var haldinn 29. maí 1947. Í tilefni þessara tímamóta samþykkti stjórn KSÍ að efna til samkeppni um nýja bikara fyrir Íslandsmeistara í meistaraflokki karla og kvenna, og samþykkti einnig reglugerð fyrir leikmannaval KSÍ, en hlutverk þess verður að velja árlega knattspyrnu- mann og knattspyrnukonu ársins.

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

KSÍ stóð fyrir móttöku í Sunnusal á Hótel Sögu í febrúar þar sem heiðraðir voru Bjarni Felixson, íþróttafréttamaður, Gunnar Sigurðs- son, forystumaður ÍA, og Sigurjón Sigurðsson, læknir landsliðsins.

Gunnari var veittur heiðurskross KSÍ fyrir störf sín í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar til fjölda ára. Sigurjóni var veittur heiðurskross KSÍ fyrir starf sitt sem læknir landsliðsins um árabil. Heiðurs-

krossinn er æðsta heiðursmerki KSÍ og veitist aðeins þeim sem unnið hafa knattspyrnuíþróttinni ómetanlegt gagn. Bjarna var veittur heiðursskjöldur, sérstök viðurkenning á framlagi hans til umfjöllunar á knattspyrnu undanfarna áratugi.

Í tilefni af 50 ára afmæli UEFA og 100 ára afmæli FIFA var nokkrum einstaklingum veitt sérstök heiðursviðurkenning fyrir ómetanlegt sjálfbodaliðastarf í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar hér á landi. Þeir Ásgeir Ármannsson, Víkingi R., Guðjón Guðmundsson, ÍA, Jóhann Ólafsson, ÍBV, Konráð Kristinsson, Breiðabliki og Páll Magnússon, Þór, fengu sérstaka viðurkenningu í tilefni af 50 ára afmæli UEFA. Albert Eymundsson, Sindra, fékk sérstaka viðurkenningu í tilefni af 100 ára afmæli FIFA.

Allir ofangreindir menn hafa gefið knattspyrnunni á Íslandi áratuga hugsjónastarf og eiga þakkir skildar fyrir ómetanlegt framlag sitt.

NÝR VEFUR VÆNTANLEGUR

Vefur KSÍ hefur stækkað með hverju árinu sem líður frá því hann var opnaður árið 2000 og heimsóknir hafa margfaldast milli ára. Heimsóknafjöldinn náði nýjum hæðum á liðnu ári þegar hann fór reglulega yfir 100 þúsund á einum mánuði og reyndar gott betur en það. Vefur KSÍ er nú orðinn einn af 20 vinsælustu vefjum á landinu og miðað við þá þróun sem verið hefur undanfarin ár er þess ekki langt að bíða að hann komist enn ofar á þeim lista.

Vefsíður eru flestar þannig úr garði gerðar að þær geta aðeins borið tiltekið magn upplýsinga og svo er einnig með ksi.is. Um leið og starf KSÍ færir út á fleiri svið þarf að auka þjónustugildi vefsíðunnar. Sem dæmi má nefna fræðsluvefinn,

sem settur var upp til að mæta aukinni þörf fyrir efni tengt þjálfaramenntun. Fræðsluvefurinn er einmitt sá hluti vefsins þar sem heimsóknir hafa aukist einna mest milli ára.

Nú er svo komið að yfirbygging vefs KSÍ er einfaldlega sprungin. Á síðasta ári var tekin sú ákvörðun að ráðast í smíði nýs vefs. Sú vinna er nú hafin og er gert ráð fyrir því að nýr og betri ksi.is verði opnaður fyrir keppnistímabilið 2005.

Á vef KSÍ er að finna gífurlegt magn upplýsinga um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á heimasíðunni og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist.

Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að ksi.is. Með því móti er þjónusta við knattspyrnuáhugafólk aukin verulega, þar sem úrslit úr öllum leikjum og staða í öllum flokkum á vegum KSÍ uppfærir mun hraðar. Þetta hefur gengið vel í flestum tilfellum, en sums staðar þurfa félögin að taka sig verulega á. Með skráningu á vefinn er þjónusta við félagsmenn aukin verulega og afar mikilvægt er að félögin geri sér grein fyrir þessu.

SAMSTARFSADILAR KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands á mikið og gott samstarf við mörg fyrirtæki sem starfa á ólíkum vettvangi. Opinberir samstarfsaðilar KSÍ á árinu voru: Eimskip, Errea,

Hekla, Icelandair, Íslenskar getraunir, KB-banki, Mastercard, Oliufélagið (Esso), Skýrr, Sýn, Tryggingamiðstöðin og Vífilfell (Coca-Cola). Þá átti KSÍ í góðu samstarfi við Guðmund Jónasson, Gott fólk, Ísspor, Leppin sport, Icelandair-hotels og fleiri þjónustufyrirtæki. Íslandspóstur gerðist á árinu aðalsamstarfsaðili KSÍ vegna A landsliðs kvenna.

LEYFISKERFI KSÍ FÆR GÆÐAVOTTUN UEFA

Leyfiskerfi KSÍ fékk sérstaka gæðavottun frá UEFA á árinu, en gæðamatið var framkvæmt af SGS, sem er sjálfstætt, alþjóðlegt vottunarfyrirtæki og sá um vinnu við gæðavottun leyfiskerfa í öllum aðildarlöndum UEFA.

Vinna við leyfiskerfið gerir ekki aðeins auknar kröfur til KSÍ, heldur hafa kröfur aukist til muna um fagleg og skipulögð vinnubrögð innan félaganna. Kerfið mun leiða til þess að félögin munu standa traustari fótum og vera betur í stakk búin til að sinna hlutverki sínu. Til að aðstoða félögin enn frekar við vinnu við undirbúning leyfisumsókna greiðir KSÍ hverju félagi 250.000 kr.

Leyfisráð KSÍ samþykkti á fundi sínum í mars leyfisumsóknir allra þeirra 10 félaga sem unnið höfðu sér rétt til að leika í deildinni. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfis-handbók KSÍ. Í handbókinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst fjármálum.

Hvert og eitt félag sem sækir um þátttökuleyfi þarf m.a. að sýna fram á að það sé ekki í vanskilum við

þjálfara, leikmenn eða aðra starfsmenn og það sé ekki í vanskilum gagnvart öðrum félögum vegna félagaskipta.

Einn veigamesti þáttur leyfiskerfis KSÍ er krafan um framkvæmdir við aðstöðu áhorfenda á heimavöllum félaganna. Fyrir liggja staðfestingar frá þeim bæjarfélögum sem eiga lið í deildinni um að framkvæmdum við aðstöðu áhorfenda verði lokið fyrir 2007 í flestum tilfellum. Þess ber að geta að KSÍ styrkir allt að 4 verkefni á ári hverju næstu árin um að hámarki 5 milljónir króna. Í ár hlaut Víkingur R. 5 milljóna króna styrk vegna framkvæmda við nýja stúku á Víkingsvelli. Stúkan er glæsilegt mannvirki, yfirbyggð og með sætum fyrir 1.150 manns. Stúkan var vígð fyrir leik Víkings og KR í Landsbankadeild karla síðastliðið sumar.

AUKNING IÐKENDA Í KNATTSPYRNU

Iðkendum fjölgar nokkuð í knattspyrnu milli ára samkvæmt tölum frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ af öllum sérsamböndunum. Iðkendur í knattspyrnu voru um 18.000 árið 2003 og fjölgaði um rúmlega eitt þúsund frá árinu 2002. Til samanburðar má nefna þær greinar sem næstar koma, golf með rúmlega 12.000 iðkendur og hestaiþróttir með um 8.600 iðkendur.

KÆRUMÁL

Alls komu 10 kærur upp á árinu. Í flestum tilfellum var um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn.

Fjölnir kærði ÍR vegna leiks í Reykjavíkurmóti 3. flokks karla, þar sem Fjölnir taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði.

Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Fjölnis og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var ÍR gert að greiða sekt.

Hamar kærði UMFH vegna leiks í VISA-bikar karla, þar sem Hamar taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Hamars og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var UMFH gert að greiða sekt.

ÍH kærði ÍR vegna leiks í VISA-bikar karla, þar sem ÍR skipti of mörgum varamönnum inn á. Dómstóll KSÍ hafnaði kröfum ÍH og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa. ÍH áfrýjaði dómnum. Áfrýjunardómstóllinn hnekkti fyrri dómi og úrskurðaði ÍH 3-0 sigur í leiknum.

Höttur kærði KS vegna leiks í Íslandsmóti 3. flokks karla, þar sem Höttur taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Hattar og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum. KS áfrýjaði dómnum en Áfrýjunardómstóll KSÍ staðfesti fyrri dóm.

UMFH kærði Selfoss vegna leiks í Íslandsmóti 3. flokks karla, þar sem UMFH taldi leiktímann hafa verið of stuttan. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur UMFH og úrskurðaði að leikurinn skyldi endurtekinn.

Keflavík kærði Hauka vegna leiks í Íslandsmóti 3. flokks karla, þar sem Keflavík taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Keflavíkur og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum.

ÍBV kærði Hauka vegna leiks í Íslandsmóti 5. flokks karla, þar sem ÍBV taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur ÍBV og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum.

Að auki var Haukum gert að greiða sekt.

Stjarnan kærði Þór vegna leiks í Íslandsmóti 2. flokks karla, þar sem Stjarnan taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Stjörnunnar og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum. Að auki var Þór gert að greiða sekt. Þór áfrýjaði dómnum en Áfrýjunardómstóllinn staðfesti fyrri dóm.

Stjarnan kærði UMFH vegna leiks í Íslandsmóti 3. flokks karla, þar sem Stjarnan taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Stjörnunnar og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum. Að auki var UMFH gert að greiða sekt.

Leiknir R. kærði Þór vegna leiks í Íslandsmóti 2. flokks karla, þar sem Leiknir taldi andstæðinga sína hafa teft fram ólöglegu liði. Dómstóll KSÍ vísaði málinu frá þar sem kærán barst of seint.

•••••

FJÁRMÁL

FJÁRMAGN FRÁ UEFA TIL ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA

UEFA ákvað á síðasta ári, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistaradeildinni 2003/2004 skuli renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna og unglunga hjá þessum félögum. Stjórn KSÍ ákvað að þessa greiðslu vegna Meistaradeildar UEFA 2003/2004 hlytu félög í efstu deild 2002 - alls 10 félög (þar sem ekkert íslenskt félag lék í Meistaradeildinni), og hlaut hvert þeirra tæpa 1,6 m.kr. Félögin eru KR, Fylkir, Grindavík, KA, ÍA, FH, ÍBV, Fram, Keflavík og Þór.

Félögin í efstu deild karla 2003 hljóta síðan greiðslu til barna- og unglíngastarfs frá UEFA eftir sömu reglum haustið 2005, o.s.frv. Samkvæmt leiðbeiningum UEFA setti KSÍ ákveðnar kvaðir á þau aðildarfélög sín sem hljóta þessa greiðslu. UEFA setur m.a. þau skilyrði að félagið hafi samþykka áætlun um uppeldisstarf sem uppfyllir lágmarksskilyrði leyfiskerfis KSÍ. Meðal annars skal greiðslan til félaganna renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglínga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks. Verkefni sem KSÍ leggur áherslu á eru fjölgun iðkenda og um leið fjölgun menntaðra þjálfara að störfum hjá félögunum. Þá geta félögin staðið fyrir nýjum þáttum í barna- og unglíngastarfi sínu t.d. með námskeiðum eða knattspyrnuskólum.

131 MILLJÓN KRÓNA FRÁ UEFA OG FIFA

KSÍ sjálf fékk alls 78,8 milljónir króna frá UEFA og FIFA á árinu, en íslensk félagslið fengu 51,8 m.kr.

10 MILLJÓNIR TIL AÐILDARFÉLAGA KSÍ

Stjórn KSÍ ákvað á stjórnarfundi í janúar 2005 að greiða rúmar 10 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ, sem gjaldfærast á starfsárið 2004. Alls fengu 57 aðildarfélög KSÍ sem sendu lið til keppni í mótum á vegum KSÍ í yngri aldursflokki utanhúss 2004 framlag frá sambandinu. Félög sem sendu lið til keppni í yngri flokki beggja kynja fengu 200 þúsund kr. hvert, en félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokki annars hvors kynsins 125 þúsund kr. hvert. Þá fengu félög sem voru aðilar að einu samvinnufélagi ("skástriksfélagi") 62.500 kr. hvert. Samkvæmt þessu fá 46 félög 200 þúsund kr., 8 félög 125 þúsund kr.

og 3 félög 62.500 kr., alls 10.337.500 kr.

MIKILL HAGNAÐUR

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2004 voru 457,6 milljónir kr. og heildargjöld voru 411,7 milljónir kr. Hagnaður varð því 45,9 milljónir kr. en þá hefur verið tekið tillit til 21,6 milljónar kr. framlags til aðildarfélaga. Af þessum 21,6 milljónum króna voru rúmar 10 milljónir kr. greiddar til aðildarfélaga skv. ákvörðun stjórnar.

Rekstraráætlun KSÍ samstæðunnar 2004 gerði ráð fyrir heildartekjum upp á 423,7 milljónir kr. en heildargjöldum upp á 433,2 milljónir kr. Í áætlun var gert ráð fyrir að tekjur og gjöld vegna sparkvallaátaks yrðu 97 milljónir kr. en í raun varð þessi tala tæpar 58 milljónir kr. sem skýrist þannig að tekjur voru ekki fyrirframgreiddar heldur greiddar eftir framgangi verksins.

Þegar litið er framhjá sparkvallaátakinu kemur í ljós að tekjur umfram áætlun urðu 73 milljónir kr. en gjöldin urðu 17,6 milljónir umfram áætlun. Þetta skýrist að stærstum hluta bæði hvað varðar tekjur og gjöld af vináttulandsleik Íslands og Ítalíu.

Rekstur KSÍ samstæðunnar stendur á traustum fótum. Eigið fé hennar hefur vaxið síðastliðin ár og var í árslok 2004 rúmlega 181 milljón króna.

Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur 2004

Efnisyfirlit

Knattspyrnusamband Íslands:

<i>Áritun endurskoðenda.....</i>	<i>Bls. 27</i>
<i>Áritun stjórnenda KSÍ.....</i>	<i>28</i>
<i>Rekstrarreikningur.....</i>	<i>29</i>
<i>Efnahagsreikningur.....</i>	<i>30-31</i>
<i>Sjóðstreymi.....</i>	<i>32</i>
<i>Skýringar.....</i>	<i>33-36</i>
<i>Sundurliðanir.....</i>	<i>37</i>

Laugardalsvöllur:

<i>Áritun stjórnar Laugardalsvallar.....</i>	<i>40</i>
<i>Rekstrarreikningur.....</i>	<i>41</i>
<i>Efnahagsreikningur.....</i>	<i>42-43</i>
<i>Sjóðstreymi.....</i>	<i>44</i>
<i>Skýringar.....</i>	<i>45-47</i>

